

bridge

Norður

Á4

Q753

85

ÁK742

Vestur

Q875

K986

♠1943

10

Austur

♠932

♠10

762

9653

Suður

K106

Á42

ÁKQ9

♠Q8

Suður spilar

6 lauf og fær út

tigulfjarka.

2006



Spil vesturs

Spil 1 ♠ Á
V/AV ♥ 98764
♦ Á
♣ ÁK10853

Spil 2 ♠ Á7
N/Enginn ♥ KG9872
N opnar á 4♠ ♦ -
♣ Á8543

Spil 3 ♠ 1082
V/NS ♥ Á3
♦ ÁG10873
♣ Á10

Spil 4 ♠ ÁK64
N/AV ♥ 74
N opnar á 2♥ ♦ KG952
♣ ÁG

Spil 5 ♠ K9
S/AV ♥ KG65
S opnar á 3♥ ♦ KD743
♣ ÁD

Spil 6 ♠ ÁKD82
V/Enginn ♥ 53
♦ KD
♣ ÁK43

Spil 7 ♠ ÁKD9
V/Allir ♥ 62
♦ 7652
♣ G107

Spil 8 ♠ 7
N/AV ♥ K84
N opnar á 2♠ ♦ ÁG10
♣ ÁDG1062

Spil 9 ♠ Á10983
A/NS ♥ K87
♦ G
♣ KD104

Spil 10 ♠ D8432
N/Enginn ♥ 2
N opnar á 3♥ ♦ ÁK1087
♣ 75

LAUSN Á FORSÍÐUPRAUT

SVÍINN Per Olov Sundelin vakti yfir þessu spili fagra sumarnótt í Chicago, en í átökum dagsins hafði hann farið niður á laufslemmu, sem honum fannst endilega að hægt væri að vinna.

Andvökunóttin skilaði annarri og betri niðurstöðu - þriggja lita *haldþvingun* á vestur.

Sagnhafi *leggur niður hjartaás* (sem er lykilaðriði) og tekur svo öll trompin:

NORÐUR		
♠ Á4		
♥ G753		
♦ 85		
♣ ÁK742		
VESTUR		AUSTUR
♠ G875		♠ D932
♥ K986		♥ D10
♦ D1043		♦ 762
♣ 10		♣ 9653
SUDUR		
♠ K106		
♥ Á42		
♦ ÁKG9		
♣ DG8		

Sex lauf í suður, útspil tígulfjarki

NORÐUR		
♠ Á4		
♥ G75		
♦ 8		
♣ 7		
VESTUR		AUSTUR
♠ G8		♠ D932
♥ K9		♥ D
♦ D103		♦ 76
♣ -		♣ -
SUDUR		
♠ K106		
♥ 4		
♦ ÁKG		
♣ -		

Spilið kom upp í sveitakeppni öldunga á Sumarleikumum í Chicago og Sundelin spilaði þannig við borðið:

Í laufsjöuna hendir sagnhafi hjarta heima og vestur er í óvígum vanda. Tígli má hann auðvitað ekki henda, né heldur hjarta (þá spilar sagnhafi hjarta og friar gosann), svo líklega kastar vestur spadaáttu. Spadaásinn fangar þá gosann og síðan er tíunni svínað.

Hann tók fjórum sinnum tromp og henti hjarta heima. Dúkkaði svo hjarta í von um að hægt væri að byggja upp kastþröng. En austur lenti inni, spilaði tígli og braut með því upp nauðsynlegan samgang fyrir þvingun á vestur í rauðu litunum.

Sundelin er lengi, en hann vinnur sitt verk vel.

Forsíða

Forsíðumyndin er tekin á jólamóti Bridesfélags Hafnarfjarðar í Haunnseli þann 28. desember. Helgarnir, Jónsson og Sigurðsson unnu (og hér til hliðar má sjá Helga Sig. einbeittan á svip), en á forsíðunni er keppnisstjórninn Björgvin Már Kristinsson að útdæla spilum yfir hausaðmótunum á Hermannni Lárussyni og í bakgrunni ihugar Jón Viðar Jónmundsson næsta leik.



BRIDGE
21. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 75

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson
Póstfang: Víghólastígur 6 - 200 Kópavogur
Netfang: GPA@simnet.is
Símar: 564-4247 og 898-5427

BRIDSHÁTÍÐ 2006

BRIDSHÁTÍÐ var haldin í 25. sinn á Hótel Loftleiðum dagana 15.-19. febrúar. Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson unnu bæði opna tvímenninginn og stjörnutvímenning, sem fram fór í fyrsta sinn, en sveit íslensk/dönsk sveit, Young Guns, vann Icelandair Open sveitakeppnina.

BRIDSHÁTÍÐ eldist óneitanlega mjög vel - í aldarfjórðung hefur mótið verið haldið á Hótel Loftleiðum, tiltölulega lítið breytt, og alltaf fylgjar nýjum andlitum og þau gömlu birtast aftur og aftur, innlend sem erlend. Formúlan virkar greinilega mjög vel - tveggja daga tvímenningur og svo tveggja daga sveitakeppni, allt galopið og spilað með Monrad-fyrirkomulagi. 136 pör tóku þátt í tvímenningnum og 70 sveitir kepptu um Flugleiðabikarinn. Nú var bryddað upp á skemmtilegri nýjung, stuttum 16 para "stjörnutvímenningi", þar sem erlend boðspör og sérvaldir heimamenn hituðu upp fyrir aðalmótin í 30 spila keppni.

Stjörnutvímenningur - úrslit

1. Jón Baldursson - Þorlákur Jónsson
2. Curtis Cheek - Andrew McIntosh
3. Peter Fredin - Lars Blakset
4. Bjarni Einarsson - Sigurbjörn Haraldsson
5. Aðalsteinn Jörgensen - Sverrir Ármannsson
6. Bengt-Erik Efraimsson - Anders Morath
7. Ljósbrá Baldursdóttir - Björn Eysteinnsson
8. Guðm. P. Arnarson - Ásmundur Pálsson
9. Magnús Magnússon - Matthías Þorvaldsson
10. Maarten Gustawsson - Johan Sylvan
11. Karl Ch. Baumann - Björn Inge Hansen
12. Brad Moss - Fred Gitelman
13. Peter Hecht Johansen - Knut Blakset
14. Hjördís Eyþórsdóttir - Joe Grue
15. Apolinari Kowalski - Piotr Tuszyński
16. Karl Sigurhjártarson - Sævar Þorbjörnsson



Tvöfaldir meistarar Bridshátíðar, Þorlákur og Jón. Þeir unnu fyrst 16 para stjörnutvímenning BSI og síðan opna tvímenninginn með miklum yfirburðum.



Sigursvegarar Flugleiðamótsins - Icelandair Open - í sveit Young Guns. Skyttarnar ungu eru Stefán Jónsson, Ísak Örn Sigurðsson, Ómar Olgeirsson og Danirnir Sejr Andreas Jensen og Kasper Konow. Sveitin hlaut 204 stig í 10 leikum, 20.4 að meðaltali.

Tvær "valprautir"

(1) ÞÚ ERT í suður með þessi spil ...

♠ 63 ♥ Á6532 ♦ D76 ♣ Á107

... utan hættu gegn á hættu. Fyrsti maður vekur á veikum tveimur í hjarta og makker doblar:

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♥	Dobl	Pass	?

Hvernig viltu bregðast við?

--- --- ---

(2) NÚ ERTU sagnhafi í sex laufum og þarft að hitta í trompið:

NORÐUR

♠ KG
♥ ÁD86543
♦ K105
♣ 9

SUÐUR

♠ D
♥ G
♦ Á86
♣ ÁKG87653

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠	3 ♥	3 G	Dobl
Pass	Pass	4 ♠	6 ♣
Pass	Pass	Pass	

Opnun vesturs á 2♠ er veikir tveir, og það má telja víst að 3G austurs sé gamansögn með veik spil og spaðafitt. Vestur kemur út með spaðaás í byrjun, hugsar sig svo um í þrjár mínútur áður en hann skiptir yfir í hjartatiú.

Hvernig viltu fara í trompið?

Sjá umfjöllun á næstu blaðsíðu.

Opni tvímenningurinn

Jón Baldursson - Þorlákur Jónsson	60.58 %
Gregers Bjarnars. - Michael Askgaard	56.23 %
Birkir Jónsson - Steinar Jónsson	55.73 %
Brad Moss - Fred Gitelman	55.66 %
Erik Sælensminde - Andrew McIntosh	55.50 %
Erla Sigurjónsdóttir - Sigfús Þórðarson	54.94 %
Nick Sandqvist - Artur Malinowski	54.77 %
Gylfi Baldursson - Sigurður B. Þorst.	54.69 %
Odin Svendsen - Björn Halderaker	54.64 %
Rune Hauge - Tor Helness	54.43 %
Vilhjálmur Sigurðs. - Stefán Stefáns.	54.32 %
Janet de Botton - Gunnar Hallberg	54.14 %

Flugleiðabikarinn

Young Guns	ÍSL/DAN	204
Vinabær	ÍSL	201
Garðar og vélar	ÍSL	180
Piotr Tuszyński	PÓL	179
Shell	USA	178
Grant Thornton	ÍSL	178
Allianz	ÍSL	175
Fuglur & filur	ÍSL	175
Eykt	ÍSL	174
Esso	ÍSL	173
Ferðaskr. Vesturl.	ÍSL	172
Janet de Botton	ENG	171



Sviðinn Tomas Brenning kom á Bridshátíð með tækniundrið Bridgemate, en það gerir allar skrifir við borðið óþarfar. Spilarar skrá útkomu hvers spils á litla tölvu (eins og reiknivél), sem sendir upplýsingarnar rakleiðis í móðurtölvu keppnisstjórnar. Yfirkeppnisstjórnin, Björgvin Már, er hér á mynd með Tomasi.

"Lausnir" á valprautum

(1)	NORÐUR	
♠ K92		V/Enginn
♥ 7		
♦ ÁK532		
♣ KG62		
VESTUR	AUSTUR	
♠ D854	♠ ÁG107	
♥ KDG1084	♥ 9	
♦ 10	♦ G984	
♣ 43	♣ D985	
	SUÐUR	
	♠ 63	
	♥ Á6532	
	♦ D76	
	♣ Á107	

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♥	Dobl	Pass	?

Hvað á að segja við doblinu?

Spilið kom upp í tvímenningnum og mjög margir sögðu pass við doblinu, alltaf með slæmum afleiðingum.

Með uppteiknaðri styttingsvörn má kannski berja hjartabútinn niður, en slíkt er vandasamt við borðið og tókst hvergi.

Gegn meisturunum tvöföldu, Þorláki og Jóni, vakti vestur á 3♥, sem Jón doblaði og Þorlákur sat sem fastast. En styttingurinn fór yfir ofan garð og neðan og sagnhafi fékk níu slagi - fimm á tromp og fjóra á spaða. Og hreint núll í dálk meistaranna.

En íhugum vandann sem suður stendur frammi fyrir við doblinu á 2♥.

Tvö grönd getur hann ekki sagt eðlilega, því flestir nota sögnina sem *Lebensohl* (afmeldingu eða geimkröfu), svo eina mögulega sögnin fyrir utan pass er að tuddast í þrjú grönd. Og það er sannkölluð vinningssögn, því 3G standa á borðinu með ♥K út.

Hvernig þá?

Sagnhafi drepur strax (þeir sem dúkkuðu fengu sumir á sig ♠D í öðrum slag!), spilar síðan hann tíglinum og sér leguna. Nú eru ýmsar leiðir til vinnings, ein er sú að senda austur strax inn á tígul, en kannski er eðlilegra að svína lauftíu, taka ásinn og kónginn, spila svo tígli til austurs. Hann verður að spila spaða og blindur fær tvo slagi í lokin á spaðakóng og frítígul.

(2)	NORÐUR	
♠ KG		
♥ ÁD86543		
♦ K105		
♣ 9		
VESTUR	AUSTUR	
♠ Á76532	♠ 10984	
♥ K107	♥ 92	
♦ D93	♦ G742	
♣ 4	♣ D102	
	SUÐUR	
	♠ D	
	♥ G	
	♦ Á86	
	♣ ÁKG87653	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Erik	Ómar	Boye	Ísak
2 ♠	3 ♥	3 G	Dobl
Pass	Pass	4 ♠	6 ♣
Pass	Pass	Pass	

Hvernig er best að spila sex lauf?

Þetta spil er úr sveitakeppninni og víða varð suður sagnhafi í sex laufum, enda slemman þokkaleg: byggist á því einu að gefa ekki slag á laufdrottningu.

Samkvæmt líkindafræðinni er best að toppa lit þar sem drottningin er fjórða úti. Með toppun eru 53% líkur á að sleppa við tapslag (2-2 legan, sem er 40%, plús drottning blönk öðru hvoru megin í 3-1 legunni: 13%). Svínung strax er aðeins 45% (drottningin í austur, 50%, mínus helmingurinn af 4-0 legunni, sem er 10%).

OK - sagnir skipta líka máli. Hér virðist spaðinn vera 6-4 og því er sennilegra að austur sé með lengd í laufi. En það riðlar ekki líkunum svo mikið að rétt sé að svína þess vegna.

Í viðureign við norsku landsliðsmennina Boye Brogeland og Eric Sælensminde, valdi Ísak Örn Sigurðsson að svína. Ástæðan var af "siðlegum toga" frekar en tæknilegum. Ísak taldi (réttilega) óhugsandi að Boye myndi taka svo langan tíma í slag númer tvö ef hann lægi með trompdrottninguna á eftir. Slík hegðun er kennd við kaffihús og hefur lítið með alvöru brids að gera.

"Þú svínar galvaskur," sagði Eric eftir spilið, hálfvull: "Já, ég treysti Boga, hann er maður vænn og hjartahreinn," svaraði Ísak að bragði.



Janet de Botton og Gunnar Hallberg ræða vörnina í síðasta spili á meðan Sveinn Rúnar skrár niðurstöðuna á Bridgemate-tölvuna.




Pólverjinn Apolinari Kowalski.



Brad Moss, spilafélagi Fred Güelman.



Danski Blakset-bróðirinn, Knut. Hann hefur spilað við Peter Hecht Johansen á Bridshátíð mörg undanfarin ár.



Curtis Cheek brosir blíðlega við ljósmyndaranum Leilu Leonhardt hjá Swangames.com.

Pæling á opnu borði

LÍTUM næst á athyglisvert spil úr sveitakeppninni - 3G í suður:

NORÐUR		
♠	Á7	
♥	632	A/Enginn
♦	ÁKG	
♣	ÁK1065	
VESTUR		AUSTUR
♠	G9543	♠ K102
♥	Á7	♥ DG1095
♦	-	♦ 10953
♣	DG9843	♣ 2
SUÐUR		
♠	D86	
♥	K84	
♦	D87642	
♣	7	

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♥	Pass
Pass	Dobl	Pass	3 ♦
Pass	3 ♥	Pass	3 G ///

Opnun austurs á 2♥ er Tartan: sýnir hjarta og láglit, minnst 5-4, og 5-10 HP.

Út kemur ♥Á og meira hjarta. Sagnhafi tekur strax með kóng, spilar tígli og sér leguna þar.

Hvernig á nú að ná í nínu slagi?

Í öðrum slag liggur ljóst fyrir að austur á 5-4 í hjarta og tígli og þar með fjögur svört spil. Besta áætlunin er að senda austur inn á hjarta í þeirri von að hann sé með ♠K og neyðist til að gefa suðri innkomu. En fyrst þarf að loka útgöngu-leið hans í laufi og með tillit til þess er freistandi að taka báða hámenninna. Það má þó alls ekki!

NORÐUR		
♠	Á7	
♥	-	
♦	-	
♣	K10	
VESTUR		AUSTUR
♠	G9	♠ K102
♥	-	♥ -
♦	-	♦ 10
♣	DG	♣ -
SUÐUR		
♠	D8	
♥	-	
♦	D8	
♣	-	

Leiðin til vinnings er að taka bara einn laufslag, klára tígulinn í borði og spila svo austri inn. Austur tekur slagina sína á hjarta, en getur enga björg sér veitt í stöðunni að ofan.



Sveit Vinabæjar varð í öðru sæti í Flugleiðamótinu, aðeins 3 vinningsstigum á eftir Young Guns (með 201 stig úr 10 leikjum). Frá vinstri: Hermann Lárusson, Sigtryggur Sigurðsson, Þröstur Ingimarsson, Páll Valdimarsson, Runólfur Pálsson og Ragnar Magnússon.

En hvaða áhrif hefur það ef sagnhafi tekur fyrst á ♣ÁK? - Jú, suður yrði að fara niður á einn tígul í lokastöðunni (til að halda í ♠Dx) og þá gæti austur læst sagnhafa inni heima á tíguldrottningu, en síðan fengi vörninn síðasta slaginn á spaðakóng.

Þetta er lúmskt spil, enda fannst vinningsleiðin í eftirmálanum, en ekki við borðið.

Líkindsþil

SPEGILL, spegill, herm þú mér, hvernig á að spila úr þér ...

NORÐUR
♠ Á10
♥ KD76
♦ K102
♣ K1064

SUÐUR
♠ D3
♥ ÁG105
♦ Á98
♣ ÁD97

Samningurinn er 6♥ og útspilið tromp.

Hvernig er best að spila?

Spegilskiptingin takmarkar möguleika sagnhafa verulega, en ef trompið kemur 3-2 og ♣G skilar sér, er hugsanlegt að fá úrslitaslaginn með innkasti.

Allt gengur að óskum til að byrja með, trompin falla og laufið líka. En þá er spurningin þessi: Á að spila tígli þrisvar (og láta vörnina hreyfa spaðann) eða ♠Á og spaða (og fá íferð í tígulinn)?

Spilið er frá sveitakeppninni og legan var þannig:

NORÐUR
♠ Á10
♥ KD76
♦ K102
♣ K1064

VESTUR
♠ 9754
♥ 83
♦ 7643
♣ 853

AUSTUR
♠ KG862
♥ 942
♦ DG5
♣ G2

SUÐUR
♠ D3
♥ ÁG105
♦ Á98
♣ ÁD97

Hér svínvirkar að spila ♦ÁK og þriðja tígli, en það er á móti líkum, því ef tígulmannspilin eru skipt, þarf spaðinn að vera "læstur" - kóngurinn í vestur og gosinn í austur.

Mun sterkari leikur er að senda vörnina inn á spaðakóng. Austur lendir inni og spilar annað hvort drottningu eða gosa í tígli, og þá má vinna slemmuna með því að drepa í borði og svína fyrir hitt mannsþilið í austur. Sú spilamennska er hins vegar tæknilega röng, eins og vel skólaðir spilarar vita mæta vel.

Reglan um takmarkað val kemur hér við sögu. Ef austur á *annað hvort* drottningu eða gosa í tígli, *verður* hann að spila því spili til að eiga von - val hans er takmarkað. Með *bæði* mannsþilin getur hann valið á milli, enda spilin jafngild. Af þessu leiðir að það er tvöfalt líklegra að austur eigi aðeins annað mannsþilið.

Þeir sem voru svo óheppnir að kunna þessa reglu fóru niður á slemmunni með því að drepa á tígulás og svína tíunni. Og voru stoltir af!

Vekjaraklukkan

Það ERU skemmtileg spil í vörn þegar hægt er að beina makker á rétta braut með óvenjulegu afkasti.

NORÐUR

♠ D83
♥ D42 N/Allir
♦ 84
♣ ÁKG105

VESTUR

♠ 109542
♥ K10
♦ D10
♣ D432

AUSTUR

♠ Á
♥ 876
♦ KG9652
♣ 976

SUÐUR

♠ KG76
♥ ÁG953
♦ Á73
♣ 8

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♣	1 ♦	1 ♥
Pass	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	3 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Útspil: ♦D.

Hvernig á að ná þessu niður?

Skoðum fyrst spilið frá sjónarhóli austurs, sem horfir á tvo slagi - einn á tígul og annan á spaðaás. Hann verður að gefa sér að makker eigi hátromp, ásinn eða kónginn. Það væri þá þriðji slagurinn og sá fjórði gæti komið á stungu ef vestur á tígultíu og spilar *strax* spaða!

En hvernig á að fá vestur til að geyma tígulinnkomuna og spila spaða (eða skipta yfir í spaða ef sagnhafi dúkkar fyrsta tígulinn)?

Spilið er frá sveitakeppninni og á einu borði lét austur tígulgosann undir drottninguna. Suður dúkkaði, en vestur var með á nótunum: skipti yfir í spaða og gaf austri stungu þegar hann komst inn á hjartakóng. Einn niður.

En segjum að sagnhafi taki *strax* á tígulás og spili til dæmis hjartaás og hjarta. Vestur bíður þá með tígulinn, spilar spaða á ás austurs, sem kemur *undan* tígulköngnum og fær stunguna langþráðu.

Eina vinningsleið sagnhafa, eins og landið liggur, er að drepa *strax* á tígulás og svína laufgosa. Henda svo tveimur tíglum niður í ♣ÁK. En það er, vægast sagt, nokkuð afgerandi afstaða svo snemma spils.



Silfurhafarnir í tvímenningnum, Danirnir Gregers Bjarnarson og Michael Askgaard.



Bræðurnir Birkir og Steinar Jónssynir hlutu bronsíð.



Brad Moss og Fred Gitelman urðu fjórðu í tvímenningnum og fimmtu í Flugleiðamótinu með þeim Hjörðisi Eyþórsdóttur og Joe Grue.



Erla Sigurjónsdóttir og Sigfús Þórðarson urðu sjöttu í tvímenningnum. Að baki má kenna Katrínu Óskarsdóttur starfsmann hátíðarinnar og Guðjón Arngrímsson fjölmiðlafultrúa Flugleiða, en þau sáu um afhendingu verðlauna.



Brír danskir og einn enskur: Lars Blakset, Peter Hecht Johansen, Knut Blakset og Englendingurinn Andrew McIntosh.

Upplýsandi sagnir

JAFNVEL á opnu borði er vandséð hvernig hægt er að ná í níu slagi í þremur gröndum suðurs:

NORÐUR

♠ 10
♥ 1032 N/AV
♦ G10952
♣ DG93

VESTUR

♠ ÁD9854
♥ D8765
♦ -
♣ 84

AUSTUR

♠ G3
♥ 94
♦ KD76
♣ 107652

SUÐUR

♠ K762
♥ ÁKG
♦ Á843
♣ ÁK

Er einhver von með spaða út?

Satt best að segja er 3G hræðilegur samingur - samgangurinn við blindan enginn og tígullinn 4-0.

Spilið kom upp í sveitakeppninni og yfirleitt fóru 3G 1-3 niður. Jón Baldursson fann hins vegar fallega vinningsleið eftir upplýsandi sagnir vesturs:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♣
1 ♥ *	Pass	Pass	2 G
3 ♥	3 G	Pass	Pass

Jón og Þorlákur spila sterkt lauf og innákoma vesturs á einu hjarta sýndi hálitina. Þegar vestur melder svo aftur við 2G á óhagstæðum hættum, má ljóst vera að skiptingin er mikil.

Út kom spaði upp á gosa austurs og Jón dúkkaði, enda útreiknanlegt, þar og þá, að austur væri með 2-2 í hálitunum úr því hann "valdi" hjartað umfram spaðann (með passinu við 1♥).

Austur skipti yfir í ♥9, sem Jón drap með ás, tók ♣ÁK og spilaði svo sjálfur smáum spaða! Vestur tók tvo slagi á ♠ÁD og spilaði enn spaða á kóng Jóns.

Nú lá skipting vesturs fyrir og greinilegt að hann átti engan tígul. Jón lagði því niður ♥K og spilaði litlum tígli undan ásnúm! Austur fékk þann slag og gat valið um hvort hann gæfi sagnhafa svíningu í tígli eða spilaði blindum inn á lauf.

Ekki beint skemmtilegir valkostir.

10 SAGNPRAUTIR

Hér á síðunni eru 10 sagnprautir frá EM í Varsjá í haust.
 Reyndu við þær fyrst og sjáðu svo á næstu síðum hvað gerðist við borðið,
 og jafnframt hvaða skoðun íslenskir spekingar hafa á málunum.
 Góða skemmtun. ...

1
 SUDUR
 ♠ 3
 ♥ 732
 ♦ 1074
 ♣ G98654

Austur gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♠	Pass
4 ♠	Dobl	Pass	???

Hver er sögnin?

5
 SUDUR
 ♠ ÁG
 ♥ D974
 ♦ 964
 ♣ D742

Vestur gefur; NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♣ *	1 ♠	Dobl **	???

* Standard. ** Neikvætt dobl.

Hver er sögnin?

8
 SUDUR
 ♠ -
 ♥ D1083
 ♦ ÁG987
 ♣ KG62

Suður gefur; AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
3 ♠	Pass	4 ♠	???

Hver er sögnin?

2
 SUDUR
 ♠ 98
 ♥ ÁK93
 ♦ ÁK1084
 ♣ 97

Suður gefur; AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	???

Hver er sögnin?

6
 SUDUR
 ♠ 6
 ♥ K10542
 ♦ ÁD104
 ♣ KD2

Suður gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥ *
Pass	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	3 ♦	Pass	???

* Standard.

Hver er sögnin?

9
 SUDUR
 ♠ Á1083
 ♥ Á108632
 ♦ 62
 ♣ 2

Vestur gefur; NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	1 G *	???

* 15-17 HP.

(Ekki er spurt um aðferð, heldur:
 Hvort á að sýna hjartað eða báða hálti?)

Hver er sögnin?

3
 SUDUR
 ♠ 92
 ♥ G10943
 ♦ ÁG6
 ♣ Á32

Norður gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	???

Hver er sögnin?

7
 SUDUR
 ♠ -
 ♥ K10
 ♦ ÁKD10532
 ♣ D1093

Vestur gefur; allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠	Pass	Pass	???

Hver er sögnin?

10
 SUDUR
 ♠ ÁKDG6
 ♥ 72
 ♦ 963
 ♣ G32

Vestur gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♥	Pass	???

Hver er sögnin?

4
 SUDUR
 ♠ K1032
 ♥ ÁKD6
 ♦ 5
 ♣ ÁG103

Vestur gefur; NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠ *	Pass	3 ♠ **	???

* Veikir tveir í spaða. ** Frásláttur.

Hver er sögnin?

*Tín íslenskir spilarar tóku þátt í keppninni fyrir Bridge-
 blaðið og er fyrsta einkunn metin ljósræðislega út frá
 afstöðu þeirra. Stigagjöf fyrir aðra möguleika ræðst hins
 vegar að hlúta til af smekk ritstjórans, sem leyfir sér að
 hækka upp spennandi kosti ef rökin eru góð.*

SVÖR SPEKINGANNA

1. A/Enginn. Suður á:

♠ 3 ♥ 732 ♦ 1074 ♣ G98654

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♠	Pass
4 ♠	Dobl	Pass	???

Á suður að sitja í doblinu eða taka út í 5♣? Koma kannski 4G til greina?

Aron N. Þorfinnsson: 5♣. Ég get setið lengi dags með harðlífi yfir því að teikna upp hendur hvenær 4♠ tapast meðan 5♣ gera það einnig, gróðinn af slíkum gáfumannabrids finnst mér yfirleitt ekki vera ómaksins verður. Ég segi 5♣ vegna þess að doblið er úttekt og ég á engan slag í vörn en nokkra í sókn.

Ásmundur Pálsson: 5♣. Enn einu sinni skal tekið fram: Dobl makkers er fyrst og fremst spilaðobl, ekki spaðastappa. Suðurspilin virðast gagnleg til sóknar, verri en engin til varnar, og því er valið auðvelt.

Björgvin Már Kristinsson: 5♣. Fyrsta hugsun var að passa, enda kannski auðveldara að taka fjóra slag í vörn en ellefu í sókn. En eftir "vandlega yfirlegu" vel ég þó 5♣, því spil makkers nýttast ekkert síður til sóknar en varnar.

Guðm. Sv. Hermannsson: Pass. Doblið er ekki sérstaklega skilgreint í þrautinni. Í minni bók er þetta sektardobl og fyrst ég á bókina ætla ég að passa.

Ómar Olgeirsson: Pass. Best til lengdar. Ef 4♠ vinnast þá erum við 300-500 niður í 5♣. Meginreglan í slíkum spilum er að taka út til vinnings, en ég reikna ekki með að 5♣ standi. Auk þess er hætta á að makker lyfti í slemmu með verulega góð spil.

Rúnar Einarsson: Pass. Makker gat sagt 4G til úttekta. Dobl makkers er spil fyrst og fremst, og ég tek töluna mína því ég hef enga tryggingu fyrir að 5♣ standi.

Sverrir Kristinsson: 5♣. Tek af mér höggið, því 4♠ gætu vel unnist.

Þetta var fyrsta spil Evrópumótsins:

Spil 1

NORÐUR		A/Enginn	
♠ Á7			
♥ ÁK109			
♦ ÁG8			
♣ Á1032			
VESTUR		AUSTUR	
♠ KG4		♠ D1098652	
♥ G5		♥ D864	
♦ KD652		♦ 93	
♣ KD7		♣ -	
SUÐUR			
♠ 3			
♥ 732			
♦ 1074			
♣ G98654			

Fjórir spaðar voru spilaðir á 18 borðum af 32 í opna flokknum: einn niður víðast hvar, en unnust þó sums staðar eftir mistök í vörninni. Á sjö borðum voru spiluð 5♣, 1-2 niður, og 6♣ á fjórum borðum, 2-3 niður. Ekki var alls staðar opnað á 3♠ í austur og því er hæpið að taka þessar tölur sem vísbendingu um "bestu sögnina". Ítalinn Lauria var einn þeirra sem tók út í 5♣ við doblinu og fékk hækkun í sex. Hið sama gerðist hjá Bjarna og Bessa, nema hvað þeir voru doblaðir og greiddu fyrir 500. Hollendingurinn Bertens passaði doblið, en Írinn Hanlon tók út í 4G, makker hans sagði 5♣ og þar lauk sögnum. Ekki kemur fram í mótsögnum hvað Hanlon meinti með 4G - hvort það var almenn úttekt, yfirfærsla eða eins konar Lebensohl-afmelding (sem reyndar er athyglisverð hugmynd).

STIG: Pass=10, 5♣=9, 4G=8

2. S/AV. Suður á:

♠ 98 ♥ ÁK93 ♦ ÁK1084 ♣ 97

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	???

Brennt kemur til álita: 2♦, 2♥ eða 1G.

Aron N. Þorfinnsson: 2♥. Já, ég veit að þetta eru bara 14 punktar, en ég ætla ekki að vana makker með 2♦ endursögn - ekki nema hann geti kerfisbundið sagt 2♥ veikt í þeirri seríu. Það er ekki hægt í þeim *Standard* sem ég er vanur og því stend ég frammi fyrir því að hálfkæfa makker í sögnum með 2♦ (sem *nota bene* lýsa þessum spilum ekki vel), yfirmelda með 2♥ eða undirmelda með 1G (sem er þá í vitlausri hendi).

Ásmundur Pálsson: 2♦. Kem ekki auga á aðra sögn.

Helgi Jóhannsson: 2♦. Hefði sagt 2♥ fyrir 20 árum.

Ísak Örn Sigurðsson: 2♦. Ekki nægjanlega sterkur til að gefa vendingu í 2♥ með 2-2 í svörtu litunum. Eitt grand finnst mér ekki koma til greina.

Rúnar Einarsson: 2♦. Eitt grand lýsir punktastyrknum ágætlega, en mér finnst höndin betri en 14 HP og vil því frekar segja 2♦ sem getur verið upp í 18 punkta. Með einspil í laufi kæmu 2♥ til greina.

Sverrir Kristinsson: 2♦. Vil ekki segja 1G eins og ég eigi stöpp í laufi.

Spil 2

NORÐUR		S/AV	
♠ Á10532			
♥ 62			
♦ G76			
♣ Á108			
VESTUR		AUSTUR	
♠ G		♠ KD764	
♥ 1075		♥ DG84	
♦ 532		♦ D9	
♣ KG6432		♣ D5	
SUÐUR			
♠ 98			
♥ ÁK93			
♦ ÁK1084			
♣ 97			

Þrjú grönd vinnast, en sá samningur var aðeins spilaður á 13 borðum af 32. Flestir voru í bót, en einstaka í 4♣ með slæmum árangri:

Holland / Írland			
Vestur	Norður	Austur	Suður
Bakkeren	Garvey	Bertens	Caroll
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	3 ♠
Pass	4 ♠	Dobl	

Á hinu borðinu sagði Hollendingurinn Ramondt 1G=12-14 HP í öðrum hring og spilaði það. Bocchi/Duboin melduðu þannig: 1♦-1♠ | 2♦-3♦ | 3♥-3G.

STIG: 2♦=10, 1G=5, 2♥=5

3. N/Enginn. Suður á:

♠ 92 ♥ G10943 ♦ ÁG6 ♣ Á32

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	???

Fæstir myndu vekja í fyrstu hendi, en í *þriðju* eru sjónarmiðin önnur.

Björgvin Már Kristinsson: Pass. Líklegt að makker eigi út í spaðasamningi og þá er hjartaútspil sennilega ekki best fyrir okkur.

Ísak Örn Sigurðsson: 1♥. Þó að liturinn sé ekki sérlega góður, þá áttu tvo ása og þarft ekki að skammast þín fyrir opnunina. Gæti verið nauðsynlegt að fá hjarta út gegn 3G með tvo ása sem innkomur.

Ómar Olgeirsson: 1♥. Ekki gallalaus sögn, en með tvær öruggar innkomur vill maður fá út hjarta frá háspili öðru í 3G. Ef andstaðan endar í spöðum er hins vegar hætta á að makker gefi slag með hjartaútspili.

Sverrir Kristinsson: 1♥. Kannski er ég að plata makker til að spila út frá ♥Kx í spaðasamningi, en við gætum átt bótinn.

Spil 3

NORÐUR
 ♠ K10653
 ♥ D5 N/Enginn
 ♦ 9754
 ♣ 75

VESTUR
 ♠ ÁD
 ♥ Á72
 ♦ KD102
 ♣ KG106

AUSTUR
 ♠ G874
 ♥ K86
 ♦ 83
 ♣ D984

SUÐUR
 ♠ 92
 ♥ G10943
 ♦ ÁG6
 ♣ Á32

Ítalía / Rúmenía

Vestur	Norður	Austur	Suður
Briciu	Fantoni	Ghigheci	Nunes
-	Pass	Pass	Pass
1 ♦	1 ♠	Pass	Pass
1 G	Pass	2 G	Pass
3 G	Allir pass		

Spaði út og tíu slagir, en útspil í hjarta steindrepur samninginn. Á 20 borðum (af 32) kom út ♥D gegn 3G, sem þýðir að suður hefur víða vakið á hjarta.

STIG: 1♥=10, Pass=9, 2♥=5

4. V/NS. Suður á:

♠ K1032 ♥ ÁKD6 ♦ 5 ♣ ÁG103

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠ *	Pass	3 ♠ **	???

* veikir tveir ** frásláttur

Það er ljóst af svörum spekinganna að þetta er vandræðastaða og engin lausn fullkomin:

Aron N. Þorfinnsson: 3G. Ekki skemmtilegt, því norður á líklega langan og lélegan tígul. En eitthvað verður að gera á þessum hættum og 3G gætu unnist ef makker á þann styrk sem búast má við - svona 7-11 punkta.

Ásmundur Pálsson: 4♥. Fleira verður að gera en gott þykir.

Björgvin Már Kristinsson: Pass. Ef makker á eitthvað verður hann að vera á tánum og dbla í bakhöndinni.

Guðm. Sv. Hermannsson: Dobl. Þrjú grönd koma varla til greina, þá passa ég frekar.

Ísak Örn Sigurðsson: 3G. Hrikalegt að dbla og fá á sig tígulsögn, til dæmis stökk í 5♦. Verð þó að segja eitthvað með þessi spil, því óvíst að makker segi við 3♠. Ef 3G verða dbla þá redobla ég til að flýja í besta fitt.

Kristján Blöndal: Dobl. Melda 4♥ við 4♦.

Ómar Olgeirsson: 3G. Verðum að reyna við geimið á hættunni. Myndi passa utan hættu gegn á hættu og taka 3♠ nokkur hundruð niður. Redobla ef austur ddblar, sem lýsir miklum vafa! Makker meldar oftast 4♦ við redoblinu, sem ég get breytt í 4♥ til að sýna hjarta og lauf.

Sverrir Kristinsson: Pass. Of hættulegt að melda. Makker á ekki marga spaða, en gat þó ekkert sagt við 2♠ og á því sennilega léleg spil. En ef hann á hagstæða skiptingu er ekki fráleitt að hann ddbli þegar sögnum er að ljúka í 3♠, enda sér hann þá að ég á góð spil.

Spil 4

NORÐUR
 ♠ 4
 ♥ 74 V/NS
 ♦ K942
 ♣ 986542

VESTUR
 ♠ ÁG9765
 ♥ 85
 ♦ DG108
 ♣ 7

AUSTUR
 ♠ D8
 ♥ G10932
 ♦ Á763
 ♣ KD

SUÐUR
 ♠ K1032
 ♥ ÁKD6
 ♦ 5
 ♣ ÁG103

Hækkun austurs í 3♠ getur verið breytileg í styrk og það gerir stöðu suðurs enn þyngri.

Ísland / Rússland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	Krasn.	Jón	Rekunov
2 ♠	Pass	3 ♠	Pass
Pass	Pass		

Þorlákur fékk 9 slagi. Það má vinna 4♣ í NS, en enginn spilaði þann samning í opna flokknum - flest NS-pörin spiluðu 2-3G, 200-800 niður. Á hinu borðinu lentu Bjarni og Bessi í *Lebensohl* miskilningi eftir *multi*-opnun vesturs:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Khokhlov	Bjarni	Matushko	Bessi
2 ♦	Pass	2 ♥	Dobl
2 ♠	Pass	Pass	Dobl
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Er þetta Lebensohl-staða? Um það voru deildar meiningar, en alla vega sagði Bessi 3G í þeirri trú að 3♣ sýndu spil.

STIG: 3G=10, Dobl=9, Pass=8, 4♥=7

5. V/NS. Suður á:

♠ ÁG ♥ D974 ♦ 964 ♣ D742

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♣ *	1 ♠	Dobl **	???

* Standard ** neikvætt ddbl

Aron N. Þorfinnsson: 2♠. Ef það á að ýta uppá þriðja þrep þá er það gert svona - bara stundum er það makker sem er ýtt fyrir björg!

Ásmundur Pálsson: Pass. Ekkert liggur á.

Guðm. Sv. Hermannsson: 2♠. Svona sagnir gefast oft undarlega vel.

Ísak Örn Sigurðsson: 1G. Tveir spaðar koma til greina, en vel grandíð af því ég á fyrirstöðu í laufi og hjartalit. Sýnir 8-11 punkta.

Kristján Blöndal: Redobl. Rosenkranz.

Ómar Olgeirsson: Redobl. Rosenkranz-redobl, sem sýnir háspil annað í spaða, en segir ekkert um hliðarstyrk. Fyrst og fremst hugsað sem leiðbeinandi um útspil.

Rúnar Einarsson: 2♠. Pass er kannski best, en hindrunargildið er ekkert. Vel frekar 2♠ til að taka sagnrými frá andstöðunni.

Sverrir Kristinsson: 1G. Vil vera fyrstur til að melda grandíð.

Spil 5

NORÐUR
 ♠ K108764
 ♥ 10 V/NS
 ♦ DG3
 ♣ K83

VESTUR
 ♠ D52
 ♥ Á852
 ♦ ÁK2
 ♣ G65

AUSTUR
 ♠ 93
 ♥ KG63
 ♦ 10875
 ♣ Á109

SUÐUR
 ♠ ÁG
 ♥ D974
 ♦ 964
 ♣ D742

Ísland / Rússland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rekunov	Þorlákur	Krasn.	Jón
1 ♣	1 ♠	Dobl	Pass
2 ♥	Pass	Pass	Pass

Rekunov vann 2♥ með vandaðri trompíferð (110 AV), en hinum megin fóru Bjarni og Bessi í 3♥, tvo niður, yfir 2♠ sem vinnast. Þar þróuðust sagnir nákvæmlega eins, nema hvað suður barðist í 2♠ í "pass-out" stöðunni og hafði heppnina með sér í þetta sinn úr því makker átti sexlit.

Hér verður að vera hægt að berjast í 2♠ áhættulaust og einfaldasta aðferðin er að redobla í merkingunni tvílitur í spaða (ekki endilega hónór) og 7-11 punktar. Til í allt. Rosenkranz-aðferðin er full einhæf.

STIG: 1G=10, 2♠=9, RD=8, Pass=7

6. S/Enginn. Suður á:

♠ 6 ♥ K10542 ♦ ÁD104 ♣ KD2

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥*
Pass	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	3 ♦	Pass	???

* Standard

Aron N. Þorfinnsson: Pass. Það er styttra í að 5♦ vinnist en 3G, en samt ekki nógu stutt - nema makker eigi ekkert til spillis í spaða.

Ásmundur Pálsson: 4♣. Lýsandi sögn, gefur makker færi á að skjótast í 5♦ á heppileg spil. Þrjú grönd eiga ekki mikla möguleika.

Þjörgvin Már Kristinsson: 4♣. Yfirfæri ábyrgðina á makker og klára höndina í leiðinni.

Guðm. Sv. Hermannsson: 4♣. Á fyrir einni tilraun.

Helgi Jóhannsson: Pass. Teikniborðið í viðgerð.

Ísak Örn Sigurðsson: Pass. Þrjú tíglar makkers gæti verið skyldusögn á lítil spil.

Ómar Olgeirsson: Pass. Finn bútur. Í venjulegum Standard geta 2♦ verið upp í 17 lélega punkta og því má ekki taka hækkunina í 3♦ of alvarlega.

Rúnar Einarsson: Pass. Fimm tíglar gætu staðið ef makker á réttu spilin, en æsi mig ekki utan hættu í sveitakeppni.

Spil 6

NORÐUR
♠ KD83
♥ 8
♦ G87653
♣ G10

S/Enginn

VESTUR
♠ 109742
♥ ÁD9
♦ 2
♣ 9643

AUSTUR
♠ ÁG5
♥ G763
♦ K9
♣ Á875

SUÐUR
♠ 6
♥ K10542
♦ ÁD104
♣ KD2

Ísland / Frakkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Cronier	Þorlákur	Chemla
-	-	-	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	3 ♦	Pass	Pass

Chemla fékk tíu slagi, 130, en Magnús sagði 3G í sömu stöðu og fór tvo niður eftir spaða út. Sex pör reyndu 3G, fimm villtust í 5♦, en annars var spilaður bútur, oftast 3♦, en stundum fjórir.

Geimlíkur snúast að mestu um það hvað norður er með í spaða. Ef hann á tóma hunda eða á sinn gætu 5♦ verið góður kostur, en með lágpunkta í spaða er hæpið að spilið þoli geim - þó kannski 3G frekar en 5♦. Hér má rifja upp ábendingu Svians Wirgrens um svona stöður: Hann segir að það sé skylda áskorandans að eiga "réttu spilin". Með öðrum orðum: með veikan spaða og styrkinn til hliðar ætti norður annað hvort að passa 2♦ eða keyra í geim - ekki láta opnara meta spilin út frá fólkskum upplýsingum.

STIG: Pass=10, 4♣=9, 4♦=7, 5♦=5, 3G=5

7. V/Allir. Suður á:

♠ - ♥ K10 ♦ ÁKD10532 ♣ D1093

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠	Pass	Pass	???

Aron N. Þorfinnsson: Dobl. Heldur 3G inni í myndinni, sem ég passa ef makker segir þá sögn. Við 4♣ hjá makker segi ég 4♠, en 5♦ við 4♥. Ef makker passar þá verð ég bara að taka því, en enn og aftur, þá er doblíð úttekt og makker velur að breyta því í refsingu.

Ásmundur Pálsson: 4♦. Reyna að hafa makker með í ráðum. Mun passa 4G.

Þjörgvin Már Kristinsson: 4♦. Makker hækkar í geim með réttu spilin.

Guðm. Sv. Hermannsson: 3G. Vonarstillinn.

Ísak Örn Sigurðsson: 3G. Vona það besta. Dobl kemur ekki til greina, ekki góð varnarspil. Makker á oft spaðastöðvara eða réttu spilin til að blokkera litinn þeirra.

Ómar Olgeirsson: 3G. Þarf bara 9 slagi í 3G, en 11 í 5♦. Segi bara "tók sénsinn" ef þetta misheppnast, en nú til dags á makker yfirleitt fyrirstöðu í spaða, auk þess sem möguleiki er á stíflu eða öðru útspli, til dæmis frá ♠ÁDGxxxx. (Hér vil ég nota fjóra í láglit sem *Michaels* eins og þegar stokkið er í fjóra yfir opnun á veikum *tveimur*.)

Rúnar Einarsson: 4♦. Skemmtispil. Langar að melda 3G í merkingunni: "Makker, segðu pass með spaðastopp, en taktu annars út," en ég er alltaf misskilinn í snillinni.

Sverrir Kristinsson: 5♦. Hræddur um að makker lyfti ekki 4♦ í fimm, til dæmis með lítið fitt en eitthvað af spilum.

Langflestir keppendur á EM völdu að stökkva í 5♦, líklega á sömu forsendu og Sverrir - af ötta við að makker þyrði ekki að lyfta með suttan tíglu:

Spil 7

NORÐUR
♠ D1086
♥ Á873
♦ G84
♣ 74

V/Allir

VESTUR
♠ KG75432
♥ 65
♦ 6
♣ KG8

AUSTUR
♠ Á9
♥ DG942
♦ 97
♣ Á652

SUÐUR
♠ -
♥ K10
♦ ÁKD10532
♣ D1093

Ísland / England

Vestur	Norður	Austur	Suður
Armstrong	Matthías	Holland	Magnús
3 ♠	Pass	Pass	5 ♦
Pass	Pass	Pass	

Fimm tíglar virðast skothelt spil, en margir sagnhafar fóru niður eftir útspil í hjarta: tóku strax tvisvar tromp af ötta við hjartastungu og gáfu þá þrjú slagi á lauf. Þrjú grönd tapast hins vegar með réttri vörn (tveir á spaða og þrjú á lauf).

STIG: 4♦=10, 3G=9, Dobl=8, 5♦=7

8. S/AV. Suður á:

♠ - ♥ D1083 ♦ ÁG987 ♣ KG62

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
3 ♠	Pass	4 ♠	???

Aron N. Þorfinnsson: Pass. Makker getur vonandi séð stuttan spaða í okkar hendi og tekið sjálfstæða ákvörðun. Ásafátæktin fælar mig frá því að setja makker afarkosti með dobl þarna.

Ásmundur Pálsson: Pass. Er verið að spauga?

Þjörgvin Már Kristinsson: 4G. Tek fórnina.

Ísak Örn Sigurðsson: Pass. Of götöttir litir til að segja 4G.

Kristján Blöndal: Pass. Vinnum ekki fimm eftir pass makkers á 3♠, svo dobl gæti með heppni gefið 3-7 *impa*, en hvað á makker að gera með eyðimörk og 4♠333?

Rúnar Einarsson: Pass. Ofureinfalt. Ég er búinn að opna í spilinu og sýna punkta. Makker sér alveg að ég er stuttur í spaða og er fullfær um að taka ákvörðun, hvort sem hann doblar, passar eða meldar.

Sverrir Kristinsson: Dobl. Verð að gera eitthvað og 4G er svoldið stór sögn og mikil ákvörðun miðað við að 4♠ gætu vel tapast.

Spil 8

NORÐUR
 ♠ 9754
 ♥ 95 S/AV
 ♦ D62
 ♣ Á1085

VESTUR
 ♠ KDG10862
 ♥ 42
 ♦ K10
 ♣ D9

AUSTUR
 ♠ Á3
 ♥ ÁKG76
 ♦ 543
 ♣ 743

SUÐUR
 ♠ -
 ♥ D1083
 ♦ ÁG987
 ♣ KG62

Nánast öll hjörðin á EM spilaði 4♠ og tók þarf tíu slagi: 620. En Þjóðverjinn Elinescu var í sérflokki:

Þýskaland / Holland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ramondt	Waldow	Westra	Elinescu
-	-	-	1 ♦
3 ♠	Pass	4 ♠	4 G
Dobl	5 ♣	Dobl	Allir pass

Makker hans, Waldow, stóð sig líka vel að finna ♣D og sleppa einn niður: 100 í NS og 11 *impar* til Þjóðverja.

STIG: Pass=10, 4G=8, Dobl=8

9. V/NS. Suður á:

♠ Á1083 ♥ Á108632 ♦ 62 ♣ 2

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	1 G *	???

* 15-17 HP

Aron N. Þorfinnsson: 2♣. Eða einhverja þá sögn sem lýsir hálitunum. Ásinn sjótti á móti einspili er frábær í spaðasamningi.

Ásmundur Pálsson: 2♥. Með vondri samvisku.

Björgvin Már Kristinsson: 2♥. Fel spaðann.

Guðm. Sv. Hermannsson: 2♥. Varla mjög hættulegt og gæti dottið í lukkupottinn.

Helgi Jóhannsson: Pass. Held ég taki þetta spil niður með hjarta út.

Rúnar Einarsson: 2♥. Tek framyfir að segiast eiga bara hjarta en báða hálti. Hálitamelding (2♣) heppnast stundum, en mér finnst muna allt of miklu á þessum litum til að bjóða makker upp á val.

Ómar Olgeirsson: 2♥. Get ekki passað með 6-4. Segi ekki 2♣= hálitir, því ég vil ekki spila 2♠ nema makker eigi 4-lit. Með talsvert betri spil væri hægt að melda 2♣, svo 3♥ við 2♠ makkers.

Sverrir Kristinsson: 2♥. Vil helst ekki sýna hálit á 6-4; myndi gera það með góðan spaða og lélegt hjarta, en ekki þegar litirnir eru svona líkir að háspilastyrk og líklegt að ég meldi ekki aftur.

Spil 9

NORÐUR
 ♠ KD94
 ♥ 7 V/NS
 ♦ Á974
 ♣ G954

VESTUR
 ♠ 652
 ♥ 954
 ♦ DG10
 ♣ K876

AUSTUR
 ♠ G7
 ♥ KDG
 ♦ K853
 ♣ ÁD103

SUÐUR
 ♠ Á1083
 ♥ Á108632
 ♦ 62
 ♣ 2

Það má deila um það hvort 4♠ sé góður samningur, en legan er góð og 10 slagir auðsóttir.

Noregur / Ungverjaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Macshasky	Helgemo	Szalay	Helness
Pass	Pass	1 G	2 ♣
Pass	4 ♠	Allir pass	

Þetta var þó algenga stef í sögnum:

Ísland / Pólland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gawrys	Jón	Chmursky	Þorlákur
Pass	Pass	1 G	2 ♦ *
Pass	2 ♥	Allir pass	

* annar háliturinn

STIG: 2♥=10, Pass=8, 2♣=8

10. V/Enginn. Suður á:

♠ ÁKDG6 ♥ 72 ♦ 963 ♣ G32

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♠	2 ♥	Pass	???

Aron N. Þorfinnsson: 3G. Ég á fjóra slagi og makker getur bara lagt upp þá fimm sem hann hefur lofað með 2♥.

Björgvin Már Kristinsson: 2G. Spaðastopp!!

Guðm. Sv. Hermannsson: Pass. Fyrstu viðbrögð eru að stökkva í 3G, en þegar betur er að gáð eru þessi spil ekki til stórræðanna þar.

Ómar Olgeirsson: 2G. En langar til að passa, því spilin nýtast ekki vel.

Rúnar Einarsson: 3G. Vandamálið við hjarta-samning er að makker er líklega stuttur í spaða og útspil þar drepur höndina mína. Vandamálið við 3G er að vestur gæti átt 4-5 slagi á láglitina (því ekki á hann punkt í spaða). En eitthvað verður að gera.

Spil 10

NORÐUR
 ♠ 2
 ♥ ÁD10964 V/Enginn
 ♦ 8754
 ♣ Á5

VESTUR
 ♠ 1098753
 ♥ K
 ♦ KD10
 ♣ K108

AUSTUR
 ♠ 4
 ♥ G853
 ♦ ÁG2
 ♣ D9764

SUÐUR
 ♠ ÁKDG6
 ♥ 72
 ♦ 963
 ♣ G32

Holland / Ungverjaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Westra	Honti	Ramondt	Szilagyí
1 ♠	2 ♥	Pass	3 G
Pass	4 ♥	Dobl	Allir pass

Tveir niður. Hinum megin sagði Hollendingurinn Muller pass við 2♥.

STIG: 2G=10, Pass=8, 3G=8

Spekingar / Spil	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Stig
Aron N. Þorfinnsson	5♣	2♥	Pass	3G	2♠	Pass	Dobl	Pass	2♣	3G	86
Ásmundur Pálsson	5♣	2♦	Pass	4♥	Pass	4♣	4♦	Pass	2♥	Pass	89
Björgvin Már Kristinsson	5♣	1G	Pass	Pass	1G	4♣	Dobl	4G	2♥	2G	86
Guðm. Sv. Hermannsson	Pass	2♦	Pass	Dobl	2♠	4♣	3G	Pass	2♥	Pass	93
Helgi Jóhannsson	Pass	2♦	1♥	Dobl	1G	Pass	4♦	Pass	Pass	2G	97
Ísak Örn Sigurðsson	Pass	2♦	1♥	3G	1G	Pass	3G	Pass	2♥	2G	99
Kristján Þ. Blöndal	Pass	2♦	Pass	Dobl	RD	4♦	4♦	Pass	Pass	2G	91
Ómar Olgeirsson	Pass	2♦	1♥	3G	RD	Pass	3G	Pass	2♥	2G	97
Rúnar Einarsson	Pass	2♦	1♥	3G	2♠	Pass	4♦	Pass	2♥	3G	97
Sverrir Kristinsson	5♣	2♦	1♥	Pass	1G	4♣	5♦	Dobl	2♥	2G	91

EINHLEYPAN

ENDURSÖGN á 1G í *Standard* sýnir sem kunnugt er 12-14 HP og jafna skiptingu. Eftir þá algengu byrjun nota margir *tvíhleypuna* svonefndu, þar sem 2♣ og 2♦ svarhandar eru tvö “hlaup sagnbyssunnar” - 2♣ hið þrengra til að sýna einhvers konar áskorun í geim, en 2♦ víðara hlaupið, eða krafa í geim. En hvað nota menn eftir stökk í 2G, sem sýnir 18-19 HP? Þar er ýmislegt í gangi og misjafnlega skynsamlegt. Eitt er þó öllum útfærslum sameiginlegt, en það er að 3♣ er gervisögn eða “veltisögn” í 3♦ og kemur þá betur í ljós hvað fyrir svarhönd vakir. Þá sögn mætti að skaðlausu kalla *einhleypuna* til samræmis. Á þessari opnu eru settar fram hugmyndir um hvernig hægt er að nota einhleypuna á sem drýgstan máta. Um er að ræða sex stöður, eftir litaropnun og svari.

1	1♣	P	1♦	P
	2G	P	→	

1♣	P	1♦	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	8-12	6+♦	GK
		3♥	=	13+	4♥ & 5♦	SÁ
		3♠	=	13+	4♠ & 5♦	SÁ
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5+♣	SÁ
		4♦	=	13+	JS, 6+♦	SÁ
		4G	=	14-15	JS, EN 4♦	Á

1♣	P	1♦	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, langur tígull		
		3♥	=	(5)6+♦, stutt hjarta, SÁ		
		3♠	=	(5)6+♦, stuttur spaði, SÁ		
		3G	=	4+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	(5)6+♦, stutt lauf, SÁ		
		4G	=	JS áskorun með 5♦, EK		

DÆMI

Vestur	Austur
♠ ÁK2	♠ DG5
♥ K83	♥ ÁD75
♦ Á4	♦ KD876
♣ KG862	♣ 9
1 ♣	1 ♦
2 G	3 ♥ = 5+♦ & 4♥*
3 G	4 G = ÁSKORUN
Pass	

* Tígulsvor við 1♣ er sterkt (13+ HP) ef skiptingin er 5+♦ og 4♥/♠, enda er svarað á hálitnum með 6-12 HP.

2	1♣	P	1♥	P
	2G	P	→	

1♣	P	1♥	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	6+	4+♦ & 5+♥	GK
		3♥	=	6+	5+♥	GK
		3♠	=	6+	4♠ & 5+♥	GK
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5+♣	SÁ
		4♥	=	6-9	6+♥	ST
		4G	=	14-15	JS, EN 4♥	Á

1♣	P	1♥	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, langur tígull		
		3♥	=	4-5 HP, 5+♥, ST		
		3♠	=	6+ HP, 4♠ & 4♥, GK		
		3G	=	4+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	stutt lauf, 6+♥, SÁ		
		4♦	=	stuttur tígull, 6+♥, SÁ		
		4♥	=	slemmuáhugi í ♥, EK		
		4♠	=	stuttur spaði, 6+♥, SÁ		
		4G	=	JS áskorun með 5♥, EK		

DÆMI

Vestur	Austur
♠ ÁD85	♠ KG32
♥ K5	♥ DG102
♦ Á103	♦ 87
♣ ÁG93	♣ K62
1 ♣	1 ♥
2 G	3 ♣ = EINHLEYPAN
3 ♦ = SKYLDA	3 ♠ = 4♥ & 4♠
4 ♣ = FYRIRSTAÐA	4 ♠
Pass	

3	1♣	P	1♠	P
	2G	P	→	

1♣	P	1♠	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	6+	4+♦ & 5+♠	GK
		3♥	=	6+	4+♥ & 5+♠	GK
		3♠	=	6+	5+♠	GK
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5+♣	SÁ
		4♠	=	6-9	6+♠	ST
		4G	=	14-15	JS, EN 4♠	Á

1♣	P	1♠	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, langur tígull, ST		
		3♥	=	4-5 HP, 4+♥ & 5+♠, ST		
		3♠	=	4-5 HP, 5+♠, ST		
		3G	=	4+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	stutt lauf, 6+♠, SÁ		
		4♦	=	stuttur tígull, 6+♠, SÁ		
		4♥	=	stutt hjarta, 6+♠, SÁ		
		4♠	=	slemmuáhugi í ♠, EK		
		4G	=	JS áskorun með 5♠, EK		

DÆMI

Vestur	Austur
♠ K2	♠ ÁG64
♥ ÁD10	♥ G3
♦ Á107	♦ K93
♣ KD632	♣ Á1054
1 ♣	1 ♠
2 G	3 ♣ = EINHLEYPAN
3 ♦ = SKYLDA	3 G = SÁ MEÐ LAUF
6 ♣	Pass

MEGINDRÆTTIR

ÞAÐ KEMUR sjaldan fyrir að rétt sé að stansa í bót eftir $1x-1y$ | $2G = 18-19$ HP, en þó er það hugsanlegt hafi svarhönd freistast til að svara veikt, til dæmis með 4-5 HP og 5-spila hálit eða með tígul-lit/fitt. Í slíkum tilfellum er farið í gegnum $3\clubsuit$. Hitt er þó algengara að einhleypan sé notuð í öðrum og uppbyggilegri tilgangi. Eftir $1\clubsuit/\diamondsuit-1\heartsuit$ | $2G$ þarf svarhönd að geta gert greinarmun á 4-4 í hálitum og $5\heartsuit/4\spadesuit$. Meldað er eðlilega með 5-4, en farið í gegnum $3\clubsuit$ með $4\heartsuit-4\spadesuit$. Þá er einhleypan drjúg til að sýna slemmuáhuga, til dæmis að gefa makker undir fótinn með lauf-lit/fitt án þess að fara upp úr $3G$. Svo myndast ýmsir möguleikar til að segja frá góðum lit og einspili til hliðar. Um opnarann gildir að hann segir alltaf $3\diamondsuit$ við $3\clubsuit$ nema hann hafi svarað á $2G$ með fjórlit í hálit makkers og 3-3-3 til hliðar, en þá segir hann þrjá í hálitnum við $3\clubsuit$.

4	1♦	P	1♥	P
	2G	P	→	

5	1♦	P	1♠	P
	2G	P	→	

6	1♥	P	1♠	P
	2G	P	→	

1♦	P	1♥	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	6+	4♦ & 5♥	GK
		3♥	=	6+	5♥	GK
		3♠	=	6+	4♠ & 5♥	GK
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5♣ & 5♥	SÁ
		4♦	=	10+	5♦	SÁ
		4♥	=	6-9	6♥	ST
		4G	=	14-15	JS, EN 4♥	Á

1♦	P	1♠	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	6+	4♦ & 5♠	GK
		3♥	=	6+	4♥ & 5♠	GK
		3♠	=	6+	5♠	GK
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5♣ & 5♠	SÁ
		4♦	=	10+	5♦	SÁ
		4♠	=	6-9	6♠	ST
		4G	=	14-15	JS, EN 4♠	Á

1♥	P	1♠	P	HP	SKIPTING	T
2G	P	P	=	4-5	JÖFN SKIPT.	
		3♣	=	4+	EINHLEYPAN	G
		3♦	=	6+	4♦ & 4♠	GK
		3♥	=	10+	3♥	SÁ
		3♠	=	6+	(5)6♠	GK
		3G	=	6-13	JÖFN SKIPT.	ST
		4♣	=	10+	5♣ & 5♠	SÁ
		4♥	=	6-9	3♥	ST
		4♠	=	6-9	6♠	ST
		4G	=	14-15	JS, EN 4♠	Á

1♦	P	1♥	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, tígulfitt		
		3♥	=	4-5 HP, 5♥, ST		
		3♠	=	6+ HP, 4♠ & 4♥, GK		
		3G	=	5+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	stutt lauf, 6♥, SÁ		
		4♦	=	stuttur tígull, 6♥, SÁ		
		4♥	=	slemmuáhugi í ♥, EK		
		4♠	=	stuttur spaði, 6♥, SÁ		
		4G	=	áskorun með 5♥, EK		

1♦	P	1♠	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, tígulfitt		
		3♥	=	4-5 HP, 5♠ & 4♥, ST		
		3♠	=	4-5 HP, 5♠, ST		
		3G	=	5+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	stutt lauf, 6♠, SÁ		
		4♦	=	stuttur tígull, 6♠, SÁ		
		4♥	=	stutt hjarta, 6♠, SÁ		
		4♠	=	slemmuáhugi í ♠, EK		
		4G	=	áskorun með 5♠, EK		

1♥	P	1♠	P	EINHLEYPAN		
2G	P	3♣	P			
3♦	P	P	=	4-5 HP, (5)6♦		
		3♥	=	4-5 HP, 3♥, ST		
		3♠	=	4-5 HP, 5♠, ST		
		3G	=	5+♣, slemmuáhugi, EK		
		4♣	=	stutt lauf, 6♠, SÁ		
		4♦	=	stuttur tígull, 6♠, SÁ		
		4♥	=	stutt hjarta, 6♠, SÁ		
		4♠	=	slemmuáhugi í ♠, EK		
		4G	=	áskorun með 5♠, EK		

DÆMI

Vestur	Austur
♠ Á53	♠ 109
♥ Á5	♥ D8632
♦ ÁD64	♦ G9832
♣ KD72	♣ G
1♦	1♥
2G	3♣ = EINHLEYPAN
3♦ = SKYLDA	Pass

DÆMI

Vestur	Austur
♠ K9	♠ ÁG10873
♥ K853	♥ ÁD2
♦ ÁKG2	♦ 987
♣ Á107	♣ 6
1♦	1♠
2G	3♣ = EINHLEYPAN
3♦ = SKYLDA	4♣ = STUTT LAUF
4♦ = FYRIRSTAÐA	4♥ = FYRIRSTAÐA
4G = RKC	5♥ = 2 LS ÁN TD
6♠	Pass

DÆMI

Vestur	Austur
♠ K2	♠ Á108765
♥ ÁD1063	♥ KG2
♦ ÁG5	♦ K7
♣ KG7	♣ 96
1♥	1♠
2G	3♥ = 3♥, 10+ HP
3♠ = FYRIRSTAÐA	4♦ = FYRIRSTAÐA
4G = RKC	5♥ = 2 LS ÁN TD
6♥	Pass

ÍSLANDSMÓTIÐ Í SVEITAKEPPNI

ÚRSLIT Íslandsmótsins í sveitakeppni fóru fram í dymbilvikunni, dagana 12.-15. apríl á Hótel Loftleiðum. Sveit Eyktar hlaut gullið, Ferðaskrifstofa Vesturlands silfrið og Skeljungssveitin bronsið.

Íslandsmótið hófst að vanda með 40 sveita undanúrslitum, tveimur vikum fyrir úrslitakeppnina. Keppendum var skipað í fjóra 10 sveita riðla og komust þrjár sveitir úr hverjum riðli áfram. Undanúrslitin eru eitt skemmtilegasta mót ársins og því var það mikið gleðiefni að keppnin skyldi nú háð á Hótel Loftleiðum, eins og eðalmóti sámir. Í úrslitunum keppa tólf sveitir. Spilamennska stendur yfir í fjóra daga - fyrst spila sveitirnar tólf innbyrðis einfalda umferð af 16 spila leikjum í þrjú daga, en síðan halda fjórar efstu áfram og spila eina umferð á lokadegi. Sveitirnar fjórar halda stigum sínum úr 12-sveita úrslitunum þegar lokaátökin hefjast. Þetta er í þriðja sinn sem þetta fyrirkomulag er viðhaft. Í fyrsta sinn var spenna fram á síðasta spil, en spennan var lítil í fyrra og nú voru úrslitin ráðin fyrir síðustu umferð. Litlu munaði á Eykt og Skeljungu fyrir lokadaginn, en Skeljungsmenn sáu ekki til sólar og töpuðu öllum leikum sínum:

Lokastaðan

SVEITIR	1	2	3	LOK	
Eykt	213	17	21	25 (63)	276
FV	192	25	9	15 (49)	241
Skelj.	210	5	10	3 (18)	228
Grant	177	13	20	15 (48)	225

▲ Tólf sveita úrslit	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	alls	-	R
1 Sparisj. Norðlendinga	♦	19	14	12	24	7	20	11	22	19	11	14	173		
2 Hraðbinding	11	♦	13	14	8	14	16	5	16	18	25	25	164	1	
3 Ferðaskrifst. Vesturl.	16	17	♦	4	25	6	16	20	19	25	25	19	192		3
4 Eykt	18	16	25	♦	12	25	19	10	16	25	22	25	213		1
5 Björn Friðriksson	6	22	0	18	♦	15	5	10	14	17	25	16	148		
6 Grant Thornton	23	16	24	2	15	♦	17	15	15	14	20	16	177		4
7 Tryggingamiðstöðin	10	14	14	11	25	13	♦	17	12	18	2	4	140		
8 Skeljungssveitin	19	25	10	20	20	15	13	♦	16	22	25	25	210		2
9 Sölufélag garðyrkjum.	8	14	11	14	16	15	18	14	♦	24	9	24	167		
10 Nicotinell	11	12	0	0	13	16	12	8	6	♦	6	6	90		
11 Erla Sigurjónsdóttir	19	4	0	8	5	10	25	1	21	24	♦	6	123		
12 Vinabær	16	5	11	4	14	14	25	5	6	24	24	♦	148		



Eyktarmenn fagna sigri. Frá vinstri: Sverrir Ármannsson, Aðalsteinn Jörgensen, Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sigurbjörn Haraldsson og Bjarni H. Einarsson. Sveitin varð efst í tólf sveita úrslitunum og hafði síðan tryggt sér titilinn áður en síðasti leikurinn af þremur í lokaúrslitum hófst.

Úrslit riðlakeppninnar

A-riðill	stig	meðaltal
Eykt	178	19.77
Tryggingamiðstöðin	158	17.55
Nicotinell	153	17.00
Límtré - Vírnet	152	16.88
B-riðill		
Skeljungssveitin	192	21.33
Hraðbinding	182	20.22
Sölufélag garðyrkjumanna	177	19.66
Landmannahellir	149	16.55
C-riðill		
Ferðaskrifstofa Vesturlands	188	20.88
Sparisjóður Norðlendinga	162	18.00
Björn Friðriksson	157	17.44
Garðar & vélar	154	17.11
D-riðill		
Vinabær	180	20.00
Grant Thornton	159	17.66
Erla Sigurjónsdóttir	156	17.33
MS 1	147	16.33

Tólf sveita úrslit

Eykt (213)

Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sverrir Ármannsson, Bjarni Hólmur Einarsson og Sigurbjörn Haraldsson.

Skeljungssveitin (210)

Guðmundur Hermannsson, Helgi Jóhannsson, Björn Eysteinnsson, Ásmundur Pálsson og Guðm. P. Arnarson.

Ferðaskrifstofa Vesturlands (192)

Karl Sigurhjartarson, Sævar Þorbjörnsson, Anton Haraldsson, Matthías Þorvaldsson, Ljósbrá Baldursdóttir og Magnús Eiidur Magnússon.

Grant Thornton (177)

Jónas P. Erlingsson, Júlíus Sigurjónsson, Hrannar Erlingsson, Ásgeir Ásbjörnsson, Hrólfur Hjaltason og Sveinn Rúnar Eiríksson.

Sparisjóður Norðlendinga (173)

Frimann Stefánsson, Björn Þorláksson, Sveinn T. Pálsson, Reynir Helgason, Pétur Guðjónsson og Jónas Róbertsson.

Sölufélag garðyrkjumanna (167)

Gunnlaugur Karlsson, Kjartan Ingvarsson, Rúnar Einarsson, Guðjón Sigurjónsson, Vignir Hauksson og Helgi Bogason.

Hraðbinding (164)

Jón Inghórrson, Erlendur Jónsson, Guðmundur Sveinsson, Vilhjálmur Sigurðsson og Hermann Friðriksson.

Björn Friðriksson (148)

Björn Friðriksson, Kristinn Kristjánsson, Jóhann Ævarsson, Ari Már Arason, Birkir Jón Jónsson og Sverrir Þórisson.

Vinabær (148)

Sigtryggur Sigurðsson, Runólfur Pálsson, Þróstur Ingimarsson, Hermann Lárusson, Ragnar Magnússon og Páll Valdimarsson.

Tryggingamiðstöðin (140)

Kristján Már Gunnarsson, Helgi Grétar Helgason, Björn Snorrason, Guðjón Einarsson, Ólafur Steinason og Runólfur Jónsson.

Erla Sigurjónsdóttir (123)

Erla Sigurjónsdóttir, Sigfús Þórðarson, Guðni Ingvarsson, Jón Páll Sigurjónsson, Hafþór Kristjánsson og Sigurður Sigurjónsson.

Nicotinell (90)

Haukur Ingason, Jón Þorvarðarson, Sigurður B. Þorsteinsson, Gylfi Baldursson, Steinberg Ríkarðsson og Guðmundur Baldursson.



Undanúrslit: Gabriel Gíslason fylgist með Sveini Þorvaldssyni og Gísla Steingrímssyni (pabba) í VÍS, spila við Árna Má Björnsson og Hjálmar S. Pálsson í Vinasveitinni.

Hvað hefði Ottlik sagt?

Í undanúrslitunum kom upp galdraspil af því tagi sem helst má sjá í sígildri bók þeirra Geza Ottliks og Hugh Kelsey, *Adventures in Card Play*:

NORÐUR		
♠	D63	
♥	Á6432	A/Enginn
♦	103	
♣	D63	
VESTUR		AUSTUR
♠	KG105	♠ 87
♥	D1075	♥ KG8
♦	K6	♦ DG9872
♣	1095	♣ 82
SUÐUR		
♠	Á942	
♥	9	
♦	Á54	
♣	ÁKG74	

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♦	3 ♣
3 ♦	3 ♥	Pass	3 ♠
Pass	4 ♣	Pass	5 ♣
Dobl	Allir pass		

Suður spilar 5♣ eftir opnun vesturs á veikum tveimur í tígli. Út kemur tígulkóngur, sem sagnhafi dúkkar, og meiri tígull (ekki verra en hvað annað).

Og nú er það spurningin: **Hvor hefur betur, sagnhafi eða vörnin?**



Undanúrslit: Grant Thornton-mennirnir, Hrannar Erlingsson og Sveinn Rúnar Eiríksson, spila við Kristján Örn Kristjánsson og Garðar Garðarsson í sveit Mastercard.



Undanúrslit: Anna Ívarsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir (Esja) spila við Guðjón Einarsson og Björn Snorrason (TM).



Undanúrslit: Pétur Guðjónsson og Jónas Róbertsson í sveit Sparisjóðs Norðlendinga gegn Herðismönnum Pálma Kristmannssyni og Stefáni Kristmannssyni.



Undanúrslit: Jón Þorvaldsson og Haukur Ingason (Nicotinell) spila við Ásgrím Sigurbjörnsson og Jón Örn Berndsen (Fisk seafood).

Svo er að sjá sem vörnin eigi heimtingu á þremur slögum - einum á tígul og tveimur á spaða. En vestur gæti lent í vandræðum með hálitina sína. Segjum að sagnhafi taki strax hjartaás og trompi hjarta. Spili svo tígli í þessari stöðu:

NORÐUR		
♠	D63	
♥	643	
♦	-	
♣	D63	
VESTUR		AUSTUR
♠	KG105	♠ 87
♥	D10	♥ K
♦	-	♦ D987
♣	1095	♣ 82
SUÐUR		
♠	Á942	
♥	-	
♦	5	
♣	ÁKG7	

Þriðji tígullinn setur vestur í óvenjulegan vanda. Hann má augljóslega ekki kasta spaða, því þá fríast fjórði spaði suðurs. Og hjarta gengur heldur ekki; sagnhafi mun þá trompa hjartað frítt, aftrompa vestur og spila spaða að drottningu blinds, þar sem fríharta biður sem niðurstær fyrir fjórða spaðann.

En vestur á til vörn sem bitur - hann "undirtrompar" þriðja tígulinn með níu eða tíu. Sagnhafi trompar yfir með drottningu og getur nú hvorki frispilað hjartað néð þvingað vestur í hálitunum. Þvingunin gengur ekki, því vestur má henda spaða í síðasta trompið og hótur þá að taka þriðja varnarslaginn á fríharta.

Sem sagt - vörnin hefur betur.

Ottlik þætti sennilega ekki mikið til um þessa lokastöðu, en með saklausri sögufölsun má gera spilið mun bitastæðara. Skiptum á tveimur "ómerki-legum" spilum - laufsexu norðurs og laufníu vesturs - og sjáum þá hvað setur í stöðunni þegar sagnhafi spilar þriðja tíglinum:

NORÐUR		
♠	D63	
♥	643	
♦	-	
♣	D93	
VESTUR		AUSTUR
♠	KG105	♠ 87
♥	D10	♥ K
♦	-	♦ D987
♣	1065	♣ 82
SUÐUR		
♠	Á942	
♥	-	
♦	5	
♣	ÁKG7	

Það er ljóst að vestur verður að "henda trompi" í tígulinn, en það afkast er aldeilis ekki ókeypis. Nú getur sagnhafi yfirtrompað ódýrt og á *tvær* innkomur til að trompa hjartað frítt. Hann hefur ráð á slíkum munaði því vestur er búinn að fórna einu trompi í tígulinn, svo öll tromp varnarinnar koma á ♣ÁK.

Þessi breyting hefur í það í för með sér að sagnhafi hefur vinninginn með þriggja lita þvingun - í spaða, hjarta og *trompi*.

Hvað hefði Ottlik sagt við þessu?

Tvíþætt þraut

Úrspilið í 7♣ varðist fyrir mörgum í þessu spili úr tólf sveita úrslitunum:

NORÐUR	
♠	ÁK7
♥	9
♦	ÁKG82
♣	ÁD84
SUDUR	
♠	104
♥	ÁK874
♦	6
♣	K10932

Sjö lauf voru spilið á átta borðum borðum, en aðeins þrír sagnhafar komu 13 slögum í hús.

Hvernig myndi lesandinn spila með tígultúu út?

Segjum að þú drepir á ♦Á og takir ♣ÁD. Þá kemur í ljós að austur hefur byrjað með ♣Gxx (vestur hendir spaða).

Hvað nú?

Þeir sagnhafar sem fóru niður tóku síðasta tromp austurs og treystu á 4-3 legu í tígli (eða ♦Dx):

NORÐUR		AUSTUR	
♠	ÁK7	♠	G853
♥	9	♥	DG102
♦	ÁKG82	♦	43
♣	ÁD84	♣	G65
VESTUR		SUDUR	
♠	D962	♠	104
♥	653	♥	ÁK874
♦	D10975	♦	6
♣	7	♣	K10932

Tígullinn fríast ekki og sagnhafi fær aðeins sex slagi á tromp og tólf í allt.

Hinir þrír vandviku frestuðu því að taka síðasta laufið: lögðu niður ♦K og trompuðu tígul. Ef báðir fylgja má af-trompa austur og fría tígullinn, en þegar 5-2 legan í tígli sýnir sig, verður að stinga hjarta tvisvar í borði og treysta á að austur geti ekki yfirtrompað. Og það gengur upp.

En OK. Þetta var fyrri hlutinn og sá léttari. **Næst er að fá þrettán slagi í sjö gröndum!** Nú er útspilið spaði og lesandinn fær að sjá allar hendur.

Tólf slagir eru í húsi með því að svína tígulgosa, en sá þrettándi kemur með tvöfaldri áfangapvingun.

Sagnhafi tekur fyrst fimm slagi á lauf, svínar ♦G og hendir tveimur hjörtum niður í ♦ÁK. Þriðji hátígullinn neyðir austur til að fara niður á einn spaða - sem er fyrri áfangi þvingunarinnar:

NORÐUR		AUSTUR	
♠	K7	♠	G
♥	9	♥	DG10
♦	8	♦	-
♣	-	♣	-
VESTUR		SUDUR	
♠	D9	♠	10
♥	6	♥	ÁK8
♦	D	♦	-
♣	-	♣	-

Sá síðari felst í því að taka ♥ÁK og þvinga vestur með hæsta tígul og spaðavaldið.

Eitt par lenti í 7G, en þessi leið fór fram-hjá sagnhafa.



Úrslit: Sölufélagið gegn Vinabæ: Helgi Bogason, Páll Valdimarsson, Vignir Hauksson og Ragnar Magnússon.



Úrslit: Björn Þorláksson og Frimann Stefánsson í sveit Sparisjóðs Norðlendinga, spila við þá Matthías Gísla Þorvaldsson og Magnús Eið Magnússon, liðsmenn Ferða-skrifstofu Vesturlands.



Úrslit: Frændurnir í liði Björns Friðriks-sonar, Ari Már Arason og Birkir Jón Jónsson, spila við þá Skeljungsmenn Helga Jóhannsson og Björn Eysteinnsson.



Úrslit: Ferðaskrifstofa Vesturlands gegn Nicotinell. Hjónin Ljósbrá Baldursdóttir og Matthías Þorvaldsson á móti Guðmundi foresta Baldurssyni og Steinberg Ríkharðssyni.

Leyndir töftrar

Sum spil eru einföld á yfirborðinu, en reynast svo búa yfir leyndum töftrum þegar betur er skoðað. Hér er dæmi um slíkt frá lokadegi:

NORÐUR	
♠	108654
♥	975
♦	G1085
♣	2

SUDUR	
♠	ÁKD72
♥	ÁK6
♦	Á732
♣	3

Þú spilar 4♣ í suður og færð það veg- nesti frá sögnum að austur hefur skotið inn hjartaströgli (eftir sterka laufopnun suðurs og afmeldingu norðurs).

Vestur kemur út með ♥D, sem þú drepur með ás og tekur tvisvar tromp (austur á eitt).

Hvernig sérðu framhaldið fyrir þér?

Fyrsta hugsunin er sú að senda andstæðingana inn og láta þá hreyfa tígulinn. En vandinn er sá að vörnin getur að skaðlausu gefið trompun og afkast með því að spila í tvöfalda eyðu - sagnhafi græðir ekkert á því að henda niður einum tígli.

Samt kostar ekkert að reyna og þeir tveir sagnhafar sem sátu við stýrið á lokadegi úrslitanna, spiluðu báðir hjartakóng og meira hjarta. Allt spilið var svona:

NORÐUR		AUSTUR	
♠	108654	♠	9
♥	975	♥	G10832
♦	G1085	♦	64
♣	2	♣	KD1098
VESTUR		SUDUR	
♠	G3	♠	ÁKD72
♥	D4	♥	ÁK6
♦	KD9	♦	Á732
♣	ÁG7654	♣	3

En nú er létt að verjast. Í reynd spilaði austur ♦6 og vestur fékk slaginn, Vestur tók ♣Á og spilaði laufi, enda auðvelt að telja suður upp með fjóra tígla.

Sagnhafi fékk iferðina í tígulinn sem hann var að vonast eftir, en allt kom fyrir ekki, því vestur var með hjónin fyrir aftan. Sem hefði ekki átt að koma á óvart, því varla hefði austur spilað tígli sjálfviljugur frá kóng eða drotningu! Þá hefði hann einfaldlega spilað tvisvar laufi strax og látið sagnhafa um að fara í tígulinn.

Það er út af fyrir sig áhugaverð pæling hvernig eigi að vinna úr slíkum lit. Látum það þó liggja á milli hluta og skoðum hverju það breytir ef sagnhafi spilar sér út út á laufi, en ekki hjarta:

NORÐUR		AUSTUR	
♠	1086	♠	G1083
♥	97	♥	64
♦	G1085	♦	KD10
♣	-	♣	
VESTUR		SUDUR	
♠	-	♠	D72
♥	4	♥	K6
♦	KD9	♦	Á732
♣	ÁG765	♣	-

Austur er inni í þessari stöðu og spilar annað hvort tígli eða hjartagosa.

(1) Ef austur spilar tígli, hleypir sagnhafi til vesturs, tekur hjartað sem kemur til baka og spilar ♦Á og tígli. Vestur er hjartalaus og nú kostar það að spila út í tvöfalda eyðu - tapspilið í hjarta hverfur.

(2) En segjum að austur spili ♥G. Suður tekur slaginn, fer inn í borð á tromp, spilar ♦G og rennir til austurs. Slíkt leysir ekki allar tígulstöður, en dugir á þessa.

Í stuttu máli: Lykilatriðið er að senda vörnina inn á lauf en ekki hjarta.



Silfursveit Ferðaskrifstofu Vesturlands. Frá vinstri: Anton Haraldsson, Magnús Eiður Magnússon, Matthías Þorvaldsson, Ljósbrá Baldursdóttir, Sævar Þorbjörnsson og Karl Sigurhjártarson.

Glötuð tækifæri

“Klúður á klúður ofan” er kannski rétta lýsingin á þessu spili lokadagsins:

NORÐUR		SUDUR	
♠	G94	♠	KD7532
♥	ÁDG65	♥	2
♦	9	♦	D2
♣	KD82	♣	G1074

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	2 ♠
4 ♦ *	4 ♠	Dobl	Allir pass

Á þremur borðum af fjórum voru spilaðir fjórir spaðar doblaðir eftir opnun suðurs á veikum tveimur. Stökk vesturs í 4♦ sýnir rauðu litina, og vilji austurs til að verjast (með augljóst tígulfitt) stafar af því að NS eru á hættu, en AV utan hættu.

Vestur leggur niður ♦Á og skiptir yfir í ♥10 í öðrum slag.

Hvernig myndi lesandinn spila?

Þótt ekkert sé fullkomlega öruggt í þessum heimi, virðist býsna líklegt að austur sé með öll trompin fjögur - ♠Á1086. Sem er viðráðanlegt ef ekki þarf að veikja trompið í borði með tígulstungu:

NORÐUR		AUSTUR	
♠	G94	♠	Á1086
♥	ÁDG65	♥	4
♦	9	♦	G10854
♣	KD82	♣	Á96
VESTUR		SUDUR	
♠	-	♠	KD7532
♥	K109873	♥	2
♦	ÁK763	♦	D2
♣	53	♣	G1074

Það verður að svína ♥D og spila strax ♥Á. Hvort sem austur trompar eða hendir í slaginn, verður hægt að spila spaðanum upp á einn tapslag. Segjum að austur hendi tígli. Þá fer ♦D heima, og síðan er til dæmis hægt að spila ♠9 með því hugarfari að láta hana fara yfir. En væntanlega mun austur leggja á með ♠10, hún er drepin, spaða spilað á gosa, og síðan er innkoman á lauf notuð til að klára trompsviðinginn. Þetta gat vörnin komið í veg fyrir með því að spila tígli í öðrum slag (eða laufi upp á ás og tígli til baka, eins gerðist á einu borði).

Þrisvar fóru 4♠ einn niður. Aðeins á einu borði kunni austur að meta tígulstuðninginn:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	2 ♠
4 ♦ *	4 ♠	6 ♦	Pass
Pass	Dobl	Allir pass	



Bronsið Skeljungs. Guðm. Sveinn Hermannsson, Björn Eysteinnsson, Ásmundur Pálsson, Helgi Jóhannsson og Guðm. Páll Arnarson.

... í opna salnum ...



Tígulslemman vannst, en ekki spennulaust. Trompnían kom út og gosinn í borði átti slaginn. Sagnhafi gerði nú það sem tilfinningin bauð honum þar og þá - spilaði hjarta á tíuna og gosa norðurs?!

Ef norður spilar hjarta um hæl getur suður yfirtrompað með drottningu, en norður var líka sofandi fyrir þessum möguleika og skipti yfir í laufkóng?!

Sagnhafi nýtti það tækifæri, henti laufi í spaðaás, tók annað tromp og vann úr hjartalitnum með trompsvíningu.

Lúmsk framvinda

Enn erum við á lokadegi, nú í bútaspli. Suður gefur og vekur á þremur spöðum. Allir passa:

NORÐUR
 ♠ K10
 ♥ D1072
 ♦ KG96
 ♣ D53

SUÐUR
 ♠ G987642
 ♥ Á3
 ♦ 82
 ♣ K2

Útspilið er ♣G, sem austur tekur og skiptir yfir í ♥9.

Taku við.

Það er freistandi að hleypa þessu, enda rétt hugsanlegt að austur hafi spilað frá ♥KG9(x). Auk þess er ekki að sjá að það kosti neitt að láta lítið hjarta ...

NORÐUR
 ♠ K10
 ♥ D1072
 ♦ KG96
 ♣ D53

VESTUR
 ♠ D5
 ♥ K5
 ♦ ÁD1073
 ♣ G1098

AUSTUR
 ♠ Á3
 ♥ G9864
 ♦ 54
 ♣ Á764

SUÐUR
 ♠ G987642
 ♥ Á3
 ♦ 82
 ♣ K2

Sjáum til. Ef vestur fær slaginn á ♥K, tekur hann ♦Á og spilar hjarta áfram. Nú kemur það sagnhafa að litlu haldi að hitta í trompið, því austur spilar enn hjarta og tryggir makker slag á ♠D. Þessi örlög getur sagnhafi forðast með því að stinga upp hjartaás.

- Hitti hann á það?

- Nei.

- Fór hann niður?

- Nei.

Það var ekki mikið stuð á mannskapnum þennan síðasta mótisdag.

Hittingur

Ljúkum Íslandsmóttinu með enn einni afbrennslunni á lokadegi. Án þess að fara í saumana á sögnum, nægir að nefna að austur hefur opnað á veikum tveimur í tigli og eftir sprikl vesturs, verður suður sagnhafi í sex laufum!

NORÐUR
 ♠ ÁKG864
 ♥ D7632
 ♦ -
 ♣ Á10

VESTUR
 ♠ 932
 ♥ G984
 ♦ ÁK86
 ♣ D5

AUSTUR
 ♠ D105
 ♥ K5
 ♦ DG9732
 ♣ 98

SUÐUR
 ♠ 7
 ♥ Á10
 ♦ 1054
 ♣ KG76432

Er hægt að vinna sex lauf með tígulás út?

Reyndar. Sagnhafi trompar, tekur laufás, fer heim á hjartaás og spilar öllum laufunum. Haldi austur eftir þremur spöðum má spila honum inn á hjartakóng og fá sendingu upp í ♠ÁKG.

Ekki svo galið, en nei - sagnhafi svínaði spaðagosa og fór þrjá niður.

Nema hvað.

10 ÚRSPILSÞRAUTIR

Taktu þúlsinn á
úrspilstækninni og
reyndu við þessar
10 þrautir.

1. *Norður*
♠ 863
♥ Á5
♦ ÁG1062
♣ 973

Útspil ♠2

Suður
♠ ÁKG
♥ K752
♦ 43
♣ Á1064

Samningur 3G í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig er best að spila?

2. *Norður*
♠ 853
♥ Á4
♦ ÁK632
♣ 742

Útspil ♥G

Suður
♠ Á72
♥ K62
♦ 1075
♣ ÁK53

Samningur 3G í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig viltu spila?

3. *Norður*
♠ K105
♥ Á83
♦ ÁD1082
♣ 103

Útspil ♣D

Suður
♠ DG9873
♥ 107
♦ 4
♣ Á862

Samningur 4♠ í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig viltu spila?

4. *Norður*
♠ 743
♥ 952
♦ ÁG52
♣ G64

Útspil ♥6

Suður
♠ ÁG10
♥ ÁK
♦ KD106
♣ Á1053

Samningur 3G í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig er best að spila?

5. *Norður*
♠ 532
♥ 1074
♦ 8652
♣ K95

Útspil ♥Á+K

Suður
♠ ÁKD10764
♥ G
♦ K9
♣ Á86

Samningur 4♠ í suður

Vestur vakti á einu hjarta.
Hvernig er áætlunin?

6. *Norður*
♠ Á872
♥ G52
♦ D43
♣ KD3

Útspil ♠D

Suður
♠ 1095
♥ ÁKD10963
♦ 7
♣ G10

Samningur 4♥ í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig viltu spila?

7. *Norður*
♠ 82
♥ Á83
♦ Á9653
♣ ÁK4

Útspil ♥G

Suður
♠ ÁDG109753
♥ 4
♦ 8
♣ 1062

Samningur 6♠ í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig viltu spila?

8. *Norður*
♠ D1087
♥ 42
♦ D92
♣ ÁK64

Útspil ♦Á

Suður
♠ ÁKG64
♥ K53
♦ G83
♣ D2

Samningur 4♠ í suður

Vestur doblaði einn spaða suðurs. Hann
tekur tvo efstu í tígli og spilar þriðja
tíglinum. Austur fylgir lit.

Hvernig viltu spila?

9. *Norður*
♠ ÁG9
♥ ÁKG
♦ K109
♣ ÁD42

Útspil ♥10

Suður
♠ 10
♥ 653
♦ ÁDG7652
♣ 65

Samningur 6♦ í suður

AV hafa ekkert sagt.
Hvernig er áætlunin?

10. *Norður*
♠ D952
♥ ÁK3
♦ 987
♣ K92

Útspil ♥2

Suður
♠ ÁKG1086
♥ -
♦ ÁK53
♣ D74

Samningur 6♠ í suður

Austur vakti á þremur hjörtum.
Hvernig er áætlunin?

Lausnir
og stigagjöf á
næstu opnu.

LAUSNIR Á ÚRSPILSPRAUTUM

ÞRAUT 1

NORÐUR		
♠ 863		
♥ Á5	S/NS	
♦ ÁG1062		
♣ 973		
VESTUR		AUSTUR
♠ D1072		♠ 954
♥ G83		♥ D1096
♦ D5		♦ K987
♣ KG85		♣ D2
ÞÚ		
♠ ÁKG		
♥ K742		
♦ 43		
♣ Á1064		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

Útspil: ♠2

Tígull á gosann gengur ekki ef austur dúkkar! Þá vantar innkomu til að fría annan slag á tígul og á endanum lekur spilið einn niður. Samgangsvandinn er leystur með því að spila *litlum tígli frá báðum höndum* í öðrum slag. Þann slag verður austur að taka og gerir best í því að spila hjarta. Sagnhafi tekur heima, spilar tígli á ás (drottningin fellur) og svo gosanum. Nú er liturinn frír og ♥Á en eftir sem innkoma.

EINKUNN: Lítill tígull frá báðum höndum í öðrum slag = 10 stig; tígull á gosa = 5 stig.

ÞRAUT 2

NORÐUR		
♠ 853		
♥ Á4	S/Allir	
♦ ÁK632		
♣ 742		
VESTUR		AUSTUR
♠ KG4		♠ D1096
♥ G10983		♥ D75
♦ DG94		♦ 8
♣ G		♣ D10986
ÞÚ		
♠ Á72		
♥ K62		
♦ 1075		
♣ ÁK53		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♣
Pass	1 ♦	Pass	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G

Útspil: ♥G

Tígullinn þarf að gefa fjóra slagi, sem er einfalt ef hann brotnar 3-2, en 4-1 legan er verri viðskiptis. Samgangur er ekki nægur til að hægt sé að spila upp á mannspil stakt í vestur - taka á ásinn og spila að tíunni. Hins vegar má ráða við einspil í *austur* ef það er átta eða nía. Það er gert með því að fara af stað með tíuna og láta hana rúlla yfir ef vestur fylgir smátt. En líklega leggur vestur á, sem er þá drepð og litlum tígli spilað að sjöunni. Þar með hefur myndast gaffall á vestur, ♦K63 yfir ♦D4.

EINKUNN: Tígultía út og "svínað" = 10 stig; önnur tíguliferð = 5 stig.

ÞRAUT 3

NORÐUR		
♠ K105		
♥ Á83	N/NS	
♦ ÁD1082		
♣ 103		
VESTUR		AUSTUR
♠ Á42		♠ 6
♥ G9542		♥ KD6
♦ 763		♦ KG95
♣ D4		♣ KG975
ÞÚ		
♠ DG9873		
♥ 107		
♦ 4		
♣ Á862		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 ♠
Pass	2 ♠	Pass	4 ♠

Útspil: ♣D

Ekki dúkka fyrsta slaginn! Vestur mun skipta yfir í ♠Á og meiri spaða og þá vantar slag, því tígullinn nýtist ekki sökum innkomuleysis. Best er að drepa strax á ♣Á, spila tígli á ás og trompa tígul. Gefa svo slag á lauf. Nú má vörnin spila trompi tvisvar: sagnhafi tekur slaginn í borði, trompar tígul, stingur lauf og trompar tígulinn frían. Hann tekur síðasta tromp vesturs og kemst svo inn á ♥Á til að taka fríslaginn á fimmta tígulinn.

EINKUNN: Ofanrakin spilamennska = 10 stig; ef þú dúkkaðir ♣D (eða drapst og spilaðir aftur laufi) = 5 stig.

ÞRAUT 4

NORÐUR		
♠ 743		
♥ 952	N/Allir	
♦ ÁG52		
♣ G64		
VESTUR		AUSTUR
♠ KD65		♠ 982
♥ D10864		♥ G73
♦ 743		♦ 98
♣ D		♣ K9872
ÞÚ		
♠ ÁG10		
♥ ÁK		
♦ KD106		
♣ Á1053		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	2 G
Pass	3 G	Allir pass	

Útspil: ♥6

Tvisvining í spaða er mun betri kostur en lauf á tíuna, en áður en sagnhafi leggur út á þá braut ætti hann að hlamma niður laufásnum. Hver veit, kannski veiðir ásinn mannspil og þá þarf ekki að leita lengra eftir niunda slagnum.

EINKUNN: Laufás í öðrum slag = 10 stig; tvisvining í spaða = 7 stig; lauf á tíuna = 5 stig.

ÞRAUT 5

NORÐUR		
♠ 532		
♥ 1074	V/Enginn	
♦ 8652		
♣ K95		
VESTUR		AUSTUR
♠ G9		♠ 8
♥ ÁKD96		♥ 8532
♦ ÁG43		♦ D107
♣ 107		♣ DG432
ÞÚ		
♠ ÁKD10764		
♥ G		
♦ K9		
♣ Á86		

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	3 ♥	4 ♠
Allir pass			

Útspil: ♥Á og ♥K í öðrum slag.

Tígulásinn er líklega hjá opnara, en ef vestur á ♥D og tvispil í laufi er hægt að koma honum í klípu. Sagnhafi trompar (með sexu), tekur tvisvar tromp og ♣ÁK, spilar svo ♥10 úr borði og hendir laufi heima.

Hér gengur allt upp, vestur fær slaginn og verður að spila tígli eða hjarta í tvöfalda eyðu. Þessi millileikur kostar ekkert, því sagnhafi á enn innkomu á ♠5 til að spila tígli á kóng ef þörf krefur.

EINKUNN: Innkastið í hjarta = 10 stig; tígull blindandi á kóng = 5 stig.

ÞRAUT 6

NORÐUR			
♠	Á872		
♥	G52	A/AV	
♦	D43		
♣	KD3		
VESTUR		AUSTUR	
♠	DG	♠	K643
♥	84	♥	7
♦	Á1052	♦	KG986
♣	Á9875	♣	642
ÞÚ			
♠	1095		
♥	ÁKD10963		
♦	7		
♣	G10		
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	4 ♥
Allir pass			
Útspil: ♠D.			

Von sagnhafa liggur í því að spaðinn stíflist (liggi 4-2) svo vörninn hafi ekki samgang til að taka tvo slagi á litinn. Sem gerist ef ♣Á er með tvíspilinu í spaða (DG eða Kx), EF sagnhafi drepur á ♠Á, tekur tvisvar tromp og spilar *tígli*. Þannig er skorið á sambandið.

EINKUNN: Ofanrakið = 10 stig; spaði dúkkaður eða ♣Á sóttur strax = 5 stig.

ÞRAUT 7

NORÐUR			
♠	82		
♥	Á83	A/NS	
♦	Á9653		
♣	ÁK4		
VESTUR		AUSTUR	
♠	K6	♠	4
♥	G10976	♥	KD52
♦	KG7	♦	D1042
♣	D73	♣	G985
ÞÚ			
♠	ÁDG109753		
♥	4		
♦	8		
♣	1062		
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	4 ♠
Pass	6 ♠	Allir pass	
Útspil: ♥G.			

Vel heppnuð svining í trompi myndi bjarga máluðum, en það er ódýr lausn. Ef hægt er að frispila fimmta tígullinn er í lagi þótt vörninn fái á ♠K. Með það í huga er best að byrja á því að taka á ♦Á og stinga tígul með millitrompi. Fara svo inn á lauf og trompa aftur tígul hátt. Þegar báðir fylgja lit er samningurinn tryggður með því að spila ♠7 heimanfrá. Vestur drepur væntanlega á kóng og þá er ♠8 sú innkoma sem þarf til að fullnýta tígullinn.

EINKUNN: Tígullinn friaður og gefið á ♠K = 10 stig; svining í trompi = 5 stig.

ÞRAUT 8

NORÐUR			
♠	D1087		
♥	42	N/Allir	
♦	D92		
♣	ÁK64		
VESTUR		AUSTUR	
♠	92	♠	53
♥	ÁD86	♥	G1097
♦	ÁK10	♦	7654
♣	G985	♣	1073
ÞÚ			
♠	ÁKG64		
♥	K53		
♦	G83		
♣	D2		
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♠
Dobl	2 G *	Pass	4 ♠
Allir pass			
* áskorun í fjóra spaða			
Útspil: ♦Á-K og þriðji tígullinn.			

Það eru yfirgnæfandi líkindi á því að vestur sé með ♥Á, en það kemur ekki að sök ef hann á lengdina í laufi til hliðar. Sagnhafi tekur öll trompin og ...

NORÐUR			
♥	42		
♣	ÁK64		
VESTUR		AUSTUR	
♥	ÁD	♥	G109
♣	G985	♣	1073
ÞÚ			
♠	4		
♥	K53		
♣	D2		

Vestur er dæmdur til að hanga á öllum laufum sínum og fer því niður á ♥Á blankan. Þá spilar suður hjarta í bláinn og ásinn slær vindhögg.

EINKUNN: Þvingunin að ofan = 10 stig; hjarta á kóng = 3 stig.

ÞRAUT 9

NORÐUR			
♠	ÁG9		
♥	ÁKG	S/Enginn	
♦	K109		
♣	ÁD42		
VESTUR		AUSTUR	
♠	D7642	♠	K853
♥	1098	♥	D742
♦	83	♦	4
♣	G97	♣	K1083
ÞÚ			
♠	10		
♥	653		
♦	ÁDG7652		
♣	65		
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	3 ♦
Pass	6 ♦	Allir pass	
Útspil: ♥10.			

Frekar en að svína í báðum mjúku litunum ætti sagnhafia að taka tvisvar tromp og renna spaðatiunni til austurs. Þrír gafflar í borði tryggja tólfta slaginn.

EINKUNN: Spaðatían yfir á austur = 10 stig; sviningar í hjarta og laufi = 5 stig.

ÞRAUT 10

NORÐUR			
♠	D952		
♥	ÁK3	A/NS	
♦	987		
♣	K92		
VESTUR		AUSTUR	
♠	74	♠	3
♥	1082	♥	DG97654
♦	D106	♦	G42
♣	ÁG653	♣	108
ÞÚ			
♠	ÁKG1086		
♥	-		
♦	ÁK53		
♣	D74		
Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♥	4 ♠
Pass	6 ♠	Allir pass	
Útspil: ♥2.			

Laufásinn er líklegri til að vera í vestur og með hliðsjón af því trompar sagnhafi útspilið, tekur tvisvar tromp og spilar laufi að kóngnum. Drepi vestur fara tveir tíglar niður í ♥ÁK, en ef vestur dúkkar hverfa laufin í topphjörtun.

EINKUNN: Ofanrakið = 10 stig; lauf á drottningu og lauf í bláinn = 5 stig.

ÍSLANDSMÓTIÐ Í TVÍMENNINGI

Íslandsmótið í tvímenningi fór fram um mánaðamótin apríl/maí - þriggja daga törn, fyrst 90 spila undankeppni og svo 92ja spila úrslit 24 para. Þröstur Ingimarsson og Hermann Lárusson fögnuðu frídegi verkaklýðsins með öruggum sigri, en þeir hlutu 59.1% skor, sem var töluvert fyrir ofan næstu menn:

Lokastaðan

Þröstur Ingimarsson og Hermann Lárusson	59.1%
Bjarni H. Einarsson og Sigurbjörn Haraldsson	55.7%
Ásmundur Pálsson og Guðm. P. Arnarson	54.9%
Sverrir Ármannsson og Aðalsteinn Jörgensen	54.8%
Vilhjálmur Þór Pálsson og Þórður Sigurðsson	54.5%
Ómar Olgeirsson - Ísak Örn Sigurðsson	53.8%
Guðjón Sigurjónsson - Rúnar Einarsson	53.6%
Sigtryggur Sigurðsson - Runólfur Pálsson	53.5%
Páll Valdimarsson - Ragnar Magnússon	53.4%
Helgi Sigurðsson - Helgi Jónsson	52.6%

Gjafmildi

“Þetta var mót hinna gjafmildu,” segir Þröstur, hógværdin uppmáluð og nefnir til þetta dæmi frá síðasta degi:

V/Allir	NORÐUR	AUSTUR
	♠ G432	♠ D965
	♥ 2	♥ G43
	♦ ÁK742	♦ 96
	♣ 732	♣ ÁK109
VESTUR	SUÐUR	
♠ Á8	♠ K107	
♥ D107	♥ ÁK9865	
♦ G10853	♦ D	
♣ G85	♣ D64	

Þröstur var í suður, sagnhafi í 2♥ eftir átakalitlar sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pass	Pass	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	Pass	Pass	

Útspilið var ♦G, sem Þröstur tók í borði með ás og henti laufi í ♦K. Spilaði svo spaða á tíuna og það kostaði ásin. Ef vestur spilar nú laufi (eða litlum tígli og austur stingur með gosa) fær vörmin alltaf fimm slagi, en vestur valdi að spila háum tígli og austur henti laufi í slaginn. Þröstur trompaði, tók ÁK í hjarta og spilaði þriðja hjartanu. Og enn kom hátígull. Þröstur trompaði og tók síðasta hjartað. Skyndilega var austur kominn í mikil vandræði ...

Hjartaníu er spilaði í þessari stöðu:

NORÐUR	AUSTUR
♠ G43	♠ D9
♥ -	♥ -
♦ 7	♦ -
♣ 7	♣ ÁK10
VESTUR	SUÐUR
♠ 8	♠ K7
♥ -	♥ 9
♦ 5	♦ -
♣ G85	♣ D6

Austur verður að halda í ♠Dx og getur því aðeins verið á tveimur laufum. Honum leist ekki á að fara niður á ♣ÁK og láta spila sér þar inn, svo hann henti laufásnum. Góð tilraun, en Þröstur átti einfalt svar: Hann spilaði ♠K og spaða og fékk níunda slaginn á ♣D.

Falleg slemma

Slemma er borðleggjandi í NS, en hún er erfið í meldingum og náðist ekki víða. Hermann og Þröstur voru í hinum útvalda hópi, Þröstur í suður, Hermann í norður:

A/Allir	NORÐUR	AUSTUR
	♠ 8	♠ Á973
	♥ KD5	♥ 72
	♦ KG982	♦ 1076
	♣ 9852	♣ D643
VESTUR	SUÐUR	
♠ KG10642	♠ D5	
♥ 643	♥ ÁG1098	
♦ 4	♦ ÁD53	
♣ G107	♣ ÁK	

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♥
Pass	2 ♥	Pass	3 ♣
Pass	3 ♦	Pass	4 ♦
Pass	4 G	Pass	5 ♣
Pass	6 ♥	Allir pass	

Eftir einfalda hækkun er slemma ekki líkleg og sagnlatir spilarar myndu einfaldlega segja: “Stopp, fjögur hjörtu.” En Þröstur ákvað að kanna málið. Hann sagði 3♣, sem á því stigi málsins er áskorun í geim með veikleika í laufi - beiðni um aðstoð í litnum. Þröstur þurfti auðvitað enga hjálp í laufinu,



Íslandsmeistarar í tvímenningi, Þröstur Ingimarsson og Hermann Lárusson.

en hann var að fiska eftir þriggja tígla styrkmeldingu, enda tígulkóngurinn nauðsynlegur til að nokkurt vit sé í slemmu.

Hermann var með hámark fyrir hækkun sinni í 2♥ og sagði 3♦, sem Þröstur lyfti í fjóra og lét þannig framhaldið í hendur makkers. Hermann þurfti ekki meiri hvatningu, það draup smjör af hverju spili - hjartahjón, tígulkóngur í fimm-lit og óupplýst einspil í spaða. Hann spurði um lykilspil og sagði slemmuna í kjölfarið.

Skólaspil

NORÐUR
♠ ÁD93
♥ DG
♦ K653
♣ 1095

Hér er stílhreint tæknispil frá úrslitunum.

Suður spilar 6♠ og fær út hjarta.

SUÐUR
♠ KG1087
♥ Á
♦ ÁG742
♣ ÁD

Hvernig er ætluin?
(Trompið er 3-1.)

Sagnhafi tekur þrisvar spaða, trompar hjarta, spilar svo ♦K og tígli á gosa ef austur fylgir lit. Vestur má fá að drottningu aðra, því þá verður hann að spila laufi upp í ÁD eða hjarta í tvöfalda eyðu. Ef austur reynist eiga einn tígul, er tekið á ás og vestur sendur inn á drottninguna.

Austur átti ♦Dxx, en það reyndi lítið á menn, því vestur kom almennt út með einspilið - svo kannski ætti að toppa litinn með öðru útspili!

HEIMSLEIKARNIR Í VERÓNA

Opnu heimsleikarnir fóru fram í áttunda sinn í Veróna á Ítalíu í vor, dagana 9. -24. júní. Þetta var fjölbætt bridshátíð, þar sem keppt var í sveitakeppni og tvímenningi í mörgum flokkum.

Tvö landsliðspör opna flokksins mættu til leiks í Veróna til að taka þátt í Rosenblum-sveitakeppninni og opna tvímenningnum - Matthías Þorvaldsson og Magnús Magnússon, og Bjarni Einarsson og Sigurbjörn Haraldsson. 139 sveitir hófu keppni í Rosenblum og var fyrst skipt í riðla og síðan spilaður útsláttur 64 sveita. Þeir fjórmenningar rúlluðu létt í gegnum riðlakeppnina, urðu þar í öðru sæti á eftir Nick Nickell og félögum, unnu svo fyrsta útsláttarleikinn með yfirburðum, en töpuðu loks naumlega fyrir sveit Chagas frá Brasilíu í 32ja liða úrslitum. Magnús og Matthías urðu í 19. sæti í opna tvímenningnum, en Bjarni og Bessi heltust úr lestinni áður en að úrslitalotunni kom.

Alvörugefin léttúð

Fyrsta mót leikanna var paratvímenningur, sem bandarísku spilararnir Matthew Granovetter og Karen McCallum unnu. Þau hafa ólíkan stíl - Granovetter er alvörugefinn íhaldsmaður sem vill eiga vel fyrir sínu, en McCallum er fræg fyrir lausbeislaðar hindranir. Hún fékk að ráða ferðinni í Veróna: "Ef við sjáum fimmlit í tígli, hjarta og spaða og 4-9 punkta, þá opnum við á veikum tveimur. Annað kemur ekki til greina."

NORÐUR			
♠	ÁG2		
♥	ÁD1065	V/Enginn	
♦	G106		
♣	G2		
VESTUR			
♠	KD1054		
♥	93		
♦	D72		
♣	D98		
AUSTUR			
♠	9763		
♥	KG42		
♦	98		
♣	ÁK6		
SUÐUR			
♠	8		
♥	87		
♦	ÁK543		
♣	107543		
Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♠	3 ♥	3 ♠	Dobl
Pass	3 G	Dobl	4 ♣
Dobl	Allir pass		



með gát. Suður doblaði til að sýna áhuga á láglitunum og norður ákvað skiljanlega að reyna 3G, sem McCallum dobaði út á KG í hjarta. Suður flúði í 4♣ og sat þar í dobluðu spili, fjóra niður.

Nickell

Íslenska sveitin varð í öðru sæti í sínum riðli í Rosenblum-keppninni, hlaut 214 stig úr 11 leikjum, eða 19.45 að meðaltali. Sveit Nick Nickells skaust upp í fyrsta sætið í síðustu umferð með 216 stig samtals, en Nickell-sveitin er sem kunnugt er skipuð margföldum heimsmeisturum sem lengi hafa haldið hópinn, þeim Hamman, Soloway, Rodwell, Meckstroth, Freeman og Nickell. Þetta spil kom upp í leik efstu liðanna:

NORÐUR			
♠	-		
♥	Á954		
♦	Á732		
♣	98752		
VESTUR			
♠	G7642	AUSTUR	♠ ÁKD1053
♥	KG87	♥	62
♦	KG9	♦	1054
♣	4	♣	G3
SUÐUR			
♠	98		
♥	D103		
♦	D86		
♣	ÁKD106		

Suður spilar 5♣ og fær út spaða.

Þetta er dæmigert baráttuspil, þar sem vinna má 4♠ í AV, en á báðum borðum fóru NS í 5♣, sem unnust eftir spaða út.

Sér lesandinn hvernig?

Ellefu slagir renna nánast upp af sjálfu sér: Sagnhafi trompar útspilið, tekur ÁK í laufi og stingur spaða. Spilar svo hjarta á tíuna og gosa vesturs. Nú er vestur illa endaspilaður og getur ekkert gert sér til bjargar.

Chagas

Fjórar efstu sveitirnar í hverjum af 16 riðlum keppinnar héldu baráttunni áfram og við tóku 56 spila útsláttarleikir. Ísland gjörsigraði sveit Vasilev frá Búlgaríu í 64 liða úrslitum (187-60), en tapaði svo naumlega fyrir Gabriel Chagas í næstu umferð (120-133). Hér er athyglisvert spil úr þeim leik:

NORÐUR			
♠	K984		
♥	D2		
♦	632		
♣	K762		
VESTUR			
♠	Á10653	AUSTUR	♠ DG72
♥	43	♥	G1065
♦	K74	♦	9
♣	DG5	♣	10943
SUÐUR			
♠	-		
♥	ÁK987		
♦	ÁDG1085		
♣	Á8		

Sex tíglar er ágæt slemma og var spiluð á báðum borðum, en trompsjöa vesturs er öflug og kemur í veg fyrir að hægt sé að stinga hjarta í borði, svo slemman tapast með ♣D eða hjarta út. Magnús valdi að spila út ♦4 og þá var hrein handavinna að taka tólf slag með því að skilja tíglukónginn eftir úti og fría hjartað með trompun.

Á hinu borðinu doblaði Villas-Boas slemmuna og spilaði út ♠Á gegn Bessa. Það útspil gefur ellefta slaginn, en sagnhafi fer niður ef hann reynir að stinga hjarta í borði. Bessi lét sér ekki detta það í hug. Hann spilaði einfaldlega ♦Á og drottingu. Vestur drap og spilaði spaða, sem Bessi tók á kóng og stakk spaða. Chagas í austur hafði hent spaða í annað trompið, svo nú var vestur einn um að valda spaðann. Bessi kláraði trompin og Chagas henti tveimur laufum. Þrjár efstu í hjarta komu í kjölfarið og þá þvingaðist vestur með hæsta spaða og laufvaldið.

(Sjá stöðu á næstu síðu.)



Bessi fann örugga leið í tígulsemmunni gegn Villas-Boas og Chagas.

BLINDUR

- ♠ 9
- ♥ D2
- ♦ -
- ♣ K76

VILLAS

- ♠ 10
- ♥ 43
- ♦ -
- ♣ DG5

CHAGAS

- ♠ -
- ♥ G1065
- ♦ -
- ♣ 109(4)

BESSI

- ♠ -
- ♥ ÁK98
- ♦ -
- ♣ Á8

Þetta er staðan þegar búið er að spila öllum trompunum og síðasta afkast austurs er ♣4. Þar með er vestur einn um að valda svörtu litina og það getur hann ekki þegar sagnhafi tekur næst þrjá efstu í hjarta. Tvöföld áfangapvingun.

Skömmu síðar ...

NORÐUR

- ♠ ÁG874
- ♥ K5
- ♦ K105
- ♣ 974

VESTUR

- ♠ D653
- ♥ G64
- ♦ 763
- ♣ ÁG6

AUSTUR

- ♠ K2
- ♥ 10973
- ♦ DG8
- ♣ K1082

SUÐUR

- ♠ 109
- ♥ ÁD82
- ♦ Á942
- ♣ D53

Vestur	Norður	Austur	Suður
Chagas	Sigurbjörn	Villas-Boas	Bjarni
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	2 ♠	Allir pass	

Hér er *tvihleypan* að verki: 2♣ norðurs er geimáskorun og 2♦ á móti biðsögn. Bessi segir svo frá fimmlit í spaða, sem Bjarni passar réttilega með lágmarksopnu og tvílit í spaða. Sigurbjörn fékk 8 slagi og 110.

Tvihleypan er líka notuð í Basílu, en Brenner ákvað að krefja í geim á 11 punktana í norður með því að beita “víðara hlaupinu” við grandendursögninni, eða 2♦:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Brenner	Magnús	Branco
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	2 G	Pass	3 G
Allir pass			

Lauf er eini ómeldaði liturinn og Matthías ákvað að reyna þar fyrir sér með gosanum. Slík útspil heppnast stundum, en ekki í þetta sinn. Magnús lét lítið lauf og Branco fékk slaginn á drottninguna. Branco lét ♠9 rulla yfir á kóng austurs og vörnin tók þrjá slagi á lauf. Magnús spilaði sér síðan út á spaða, sem Branco tók með gosa blinds og lagði niður ♠Á. Sem var meira en Magnús réð við - hann varð að hanga á fjórum hjörtum og henti því tígli frá DGx. En Branco átti auðvelt með að lesa stöðuna og fékk níunda slaginn á tígul: 600 til Brasilíu og 10 IMPar.



Marcelo Branco (f. 1945), Brasilíumaður. Vann Bermúdaskálina 1989 og hefur tvívegis orðið heimsmeistari í tvímenningi. Fyrrum spilafélagi Chagas.

Norrænn úrslitaleikur

Chagas datt út í næstu umferð og Nickell beið lægri hlut í 8-liða úrslitum. Þær sveitir sem spiluðu til úrslita voru bandarískar að nafninu til, en þó með norrænum blæ. Fyrir sigursveitinni fór **Rose Meltzer**, sú sama og stýrði liðinu sem vann Norðmenn í frægum úrslitaleik HM 2001 í París. Með henni voru Bandaríkjamennirnir Kyle Larsen, Alan Sontag og Roger Bates, ásamt norska ofurparinu Geir Helgemo og Tor Helness. Önnur bandarísk kona, **Henner-Welland**, fór fyrir keppinautunum, en með henni spiluðu fjórir landsliðsmenn Svía, þeir Lindkvist, Fredin, Bertheau og Nyström, og Bandaríkjamadurinn Marc Jacobus.

Helness og Helgemo eru þekktir fyrir frábæra úrspils- og varnartækni, en þeir eru lítt gefnir fyrir flóknar kerfisflækjur - þær sagnvenjur sem nota eru einfaldar og síðan ræður tilfinningin för. En tilfinningin er oft glettilega góð.

NORÐUR

- ♠ Á4
- ♥ Á9
- ♦ 986
- ♣ ÁD9643

N/N/S

VESTUR

- ♠ DG106
- ♥ DG107632
- ♦ -
- ♣ 85

AUSTUR

- ♠ 9752
- ♥ K54
- ♦ ÁG3
- ♣ G107

SUÐUR

- ♠ K83
- ♥ 8
- ♦ KD107542
- ♣ K2

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bertheau	Helgemo	Nyström	Helness
-	1 G	Pass	3 ♥
4 ♥	5 ♣	5 ♥	Pass
Pass	6 ♣	Pass	6 ♦
Allir pass			

Grandopnun Helgemos er ekki beinlínis hefðbundin, né heldur stökkið í 3♥ til að sýna stuttlit í hjarta. Þeir félagar hafa meðtekið þá hugmynd að skynsamlegt sé að sýna stuttlit á móti grandopnun, en þetta er nú sjölitur í tígli og margir hefðu frekar viljað leggja áherslu á þann eiginleika spilanna. Þessi byrjun reyndist þó vel þegar vestur tók upp á því að blanda sér í sagnir. Helgemo sá fyrir sér góða samlegu og sagði 6♣ við kröfupassinu, sem Helness breytti auðvitað í 6♦ og tók þar tólf slagi án þess að blása úr nös.

Á hinu borðinu fóru NS mun hægjar af stað:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Larsen	Henner	Meltzer	Jacobus
-	1 ♣	Pass	1 ♦
4 ♥	Pass	Pass	5 ♦
Pass	Pass	5 ♥	Dobl
Allir pass			

Henner-Welland vekur “réttilega” á einu laufi, en eins og sagnir þróast getur hún ekki með góðu móti komið spilum sínum til skila. Fimm hjörtu fóru tvo niður (300) og sveit Meltzer vann því 14 IMPa á spilinu.

Er þetta 15-17 punkta grandopnun?

- ♠ D7 ♥ G9 ♦ Á875 ♣ ÁK1063



Kathie Wei, ekkja C.C. Wei (1914-1987), skipakóngrsins sem skóp Precision-kerfið. Kathie hefur lengi verið í fremstu röð kvenspilara í heiminum, margfaldur heimsmeistari og þekktur fyrirlesari. Hún er hjúkrunarfræðingur að mennt og starfaði við hjúkrun á yngri árum.

Þetta eru að vísu aðeins 14 punktar, en góður fimmlitur í laufi og háspil í báðum tvílitum.

	NORÐUR	
	♠ G8	
	♥ 63	S/Enginn
	♦ KD1096	
	♣ DG72	
VESTUR		AUSTUR
♠ 632		♠ ÁK10954
♥ ÁK8742		♥ D105
♦ G4		♦ 32
♣ 85		♣ 94
	SUÐUR	
	♠ D7	
	♥ G9	
	♦ Á875	
	♣ ÁK1063	

Grandopnun er því eðlileg og líka stökk stökk norðurs í 3G með góða 9 punkta:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sontag	Bertheau	Bates	Nyström
-	-	-	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

Lítið hjarta út og vörnin tók tólf fyrstu slagina á hálitina - 400 í AV. Sem sagt, allt eðlilegt nema niðurstaðan.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lindkvist	Helness	Fredin	Helgemo
-	-	-	1 G
Pass	3 G	Dobl !	4 ♣
Allir pass			

Á hinu borðinu bjargaði sænska athafna-skáldið Peter Fredin frændum sínum úr klípunni með því að dóbba til útspils. Doblíð gefur að vísu 2000-kall ef NS sitja, en Helgemo er eldri en tvævetur og hann flúði af hólmi í 4♣ þar sem hann þurfi aðeins að greiða 50-kall fyrir einn niður.

Tvímenninurinn

Magnús og Matthías komust í 72ja para úrslitakeppni HM í tvímennungi og enduðu þar í 19. sæti. Par frá Kína hampaði gullinu, **Zhong Fu** og **Jie Zhao**, silfrið fengu Levin og Weinstein frá Bandaríkjunum, en bronsið hlutu Ítalarnir Fantoni og Nunes.

Magnús og Matthías voru í AV gegn Jeff Meckstroth og Perry Johnson:

	NORÐUR		
	♠ Á8742		
	♥ D942	V/AV	
	♦ 7		
	♣ K75		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G5		♠ K	
♥ K53		♥ ÁG10876	
♦ D106543		♦ K8	
♣ 103		♣ ÁD86	
	SUÐUR		
	♠ D10963		
	♥ -		
	♦ ÁG92		
	♣ G942		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Johnson	Magnús	Meckstroth
Pass	Pass	1 ♥	1 ♠
2 ♥	4 ♠	5 ♥	5 ♠
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Meckstroth sagði 5♠ til fórnar, en spilið liggur til NS og með hittingi má fá ellefu slagi. En vörnin stóð sig vel. Útspilið var hjarta, sem Meckstroth trompaði og spilaði spaða á ásin. Kóngurinn féll og Meckstroth tók líka á ♠D. Hann lagði niður ♦Á og trompaði tígul til að spila svo litlu laufi úr borði undan ♣Kxx. En Magnús var við öllu búinn og dúkkaði hiklaust. Meckstroth lét þá níuna og Matthías fékk slaginn á tíuna. Vörnin hamraði á hjartanu, þannig að fjórða laufið nýttist sagnhafa ekkert og spilið fór tvo niður: 300 í AV, sem gaf okkar mönnum 94% skor.

Önnur úrslit

Bandarísk/rússnesk sveit vann **McConnell-bikarinn**, sveitakeppni kvenna: **Steiner, Letizia, Seamon-Molson, Sokolow, Ponomareva & Gromova**. Kennatvímenninun unnu **Levitina & Sanborn** frá Bandaríkjunum. Þriggja þjóða blanda frá Bandaríkjunum, Póllandi og Ísrael vann **sveitakeppni öldunga**: **Markowicz, Jezioro, Klukowski, Melman, Zaremba, Zeligman**. **Tvímennin öldunga** unnu Þjóðverjarnir **Claver & Ramer**. Loks var spilaður stuttur **IMPa tvímenninur**, sem Tyrkirnir **Sen & Gur** unnu.



Bill "Microsoft" Gates, ríkasti maður heims og þótt víðar væri leitað. Gates er bridsáhugamaður og tekur stundum þátt í opnum mótum, en spilar annars mest privat í kompaní með Sharon Osberg, Fred "Bridgebase" Gitelman og öðrum kunnum fjáraflamanni, Warren Buffett.



Patrick Jourdain (f. 1942) hinn velski, ritstjóri tímarits bridsbláðamanna um árabil og mikilvirkur bridshöfundur. Mætir á öll alþjóðamót.



"Broadway" Billy Eisenberg (f. 1937), einn af Dallas-ásunum og fimmfaldur heimsmeistari. Ennfremur fyrrum heimsmeistari í kotru (backgammon). Lítið hefur farið fyrir Eisenberg undanfarin ár, en hann spilar þó enn sér til skemmtunar.



Kit Woolsey (f. 1945), einn af þekktari spilurum Bandaríkjamanna af eldri kynslóðinni. Eftir hann liggur ein besta varnarbók allra tíma, Partnership Defence.

NOKKRIR HÁPUNKTAR

Sveitakeppni kvenna



Sveit Emblu: Bryndís Þorsteinsdóttir, Soffía Danielsdóttir, María Haraldsdóttir og Hrafnhildur Skúladóttir.

Átta sveitir tóku þátt í Íslandsmóti kvenna í sveitakeppni, sem fram fór í marsbyrjun. Sveit Emblu vann á 121 stigi, en jafnar í 2.-3. sæti urðu Esja kjötvinnsla og Smárin með 117 stig.

Sveitakeppni yngri spilara



Augasteinar: Grímur Kristinsson, Jóhann Sigurðsson, Guðjón Hauksson og Inda Hrönn Björnsdóttir.

Sveit Augasteina vann Íslandsmót yngri spilara í aprílbyrjun. Sveitin hlaut 150 stig, einu meira en Lærlingarnir (149), en Masterminds varð í þriðja sæti (140). Átta sveitir kepptu.

Íslandsmót í paratvímennungi



Kristján Blöndal og Hjördís Sigurjónsdóttir.

Þrjátíu pör tóku þátt í Íslandsmótinu í paratvímennungi í maí. Hjördís Sigurjónsdóttir & Kristján Blöndal unnu á 58.7% skor. Í næstu sætum urðu: Ljósbrá Baldursdóttir & Sverrir Ármannsson (57.5%), Dröfn Guðmundsdóttir & Ásgeir Ásbjörnsson (56.1%), Esther Jakobsdóttir & Guðmundur Sv. Hermannsson (54%), og Sigrún Þorvarðardóttir & Jón Þorvarðarson (54%).

Rottneros bikarkeppnin

Finnar unnu Bikarkeppni Norðurlandaþjóðanna í vor, en mótið fór samkvæmt venju fram á herrasetri Rottneros listigarðsins í Mið-Svíþjóð undir handleiðslu óðalsbóndans Páls Horns. Fjórir liðsmenn Eyktar spiluðu fyrir Íslands hönd, þeir Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sverrir Ármannsson og Aðalsteinn Jörgensen. Sigurlið Finna var skipað þeim Lasse Utter, Jorma Valta, Osmo Kiema, Juoni Juuri-Oja.

ÚRSLIT

Finnland	90
Danmörk	89
Svíþjóð	81
Noregur	70
Ísland	67
Færeyjar	50

Þetta var fyrsti sigur Finna, en Danir hafa ofast sigrað, eða fjórum sinnum. Íslendingar, Svíar og Norðmenn hafa unnið tvisvar, hver þjóð.

Sverrir vann 3G á glæsilegan máta í leiknum við Norðmenn:

NORÐUR

- ♠ K43
- ♥ D8643
- ♦ K64
- ♣ G2

VESTUR

- ♠ D1098
- ♥ K2
- ♦ G8753
- ♣ 53

AUSTUR

- ♠ G6
- ♥ G1075
- ♦ 2
- ♣ ÁK9874

SUDUR

- ♠ Á752
- ♥ Á9
- ♦ ÁD109
- ♣ D106

Austur hafði sagt frá laufinu sínu og vestur kom þar út með ♣5, sem austur dúkkaði til að halda sambandinu opnu. Spilið er vonlítið, en Sverrir fór vel af stað þegar hann spilaði tígli á ás og svínaði síðan fyrir tígulgosa vesturs. Innákoma austurs benti til skiptingar og því var þetta rökréttur leikur. Úrslitagslagirnir var þó enn langt undan. En austur rétti Sverri litla fingurinn með því að henda laufi í síðari tígulinn og Sverrir var fljótur að nýta tækifærið. Hann spilaði tígli á kóng (austur henti spaða) og LAUFI úr borði! Austur varð að taka fríslagina (annars sækir sagnhafi hjartaslag), en við það byggðist upp þvingun á vestur í hálitunum, sem náði fullkomnun þegar Sverrir komst inn til að taka síðasta tígulinn.

Kjördæmamótið

Hátt í 200 spilarar hittust á Akureyri á vordögum til að keppa í hinu vinsæla Kjördæmamóti BSÍ. Liðskipan miðast við gömlu kjördæmin átta, en þeim fjölgaði reyndar vegna þátttöku frænda okkar Færeyinga. Til að koma í veg fyrir yfirsetu var tíunda liðið myndað úr landsliðsspilurum allra flokka og keppti sá hópur undir merki BSÍ. Hvert lið, eða "kjördæmi", tefldi fram 4 sveitum og urðu heildarúrslit þessi:

Reykjavík	636
Norðurland Eystra	611
Suðurland	564
Reykjanes	563
Bridgesamband Íslands	551
Vestfirðir	534
Færeyjar	497
Norðurland Vestra	495
Austurland	460
Vesturland	457

Íslandsmót í einmennungi



Kristján Þorsteinsson og Guðmundur Baldursson forseti BSÍ.

Kristján Þorsteinsson vann 48 spilara keppni um Íslandsmeistaratitilinn í einmennungi, en mótið fór fram á haustdögum. Kristján hlaut 547 stig, en í næstu verðlaunasætum voru kunnir einleikarar: Vignir Hauksson (481) og Vilhjálmur Sigurðsson (468).

Deildakeppnin

Deildakeppni BSÍ var spiluð á tveimur helgum í haust og urðu úrslit þessi:

FYRSTA DEILD

EYKT	259
Garðar & vélar	243
Grant Thornton	238
Ferðaskrifstofa Vesturlands	233
Landmannahellir	189
Allianz	178
VÍS	169
Landsbankinn Ísafirði	156

Eykt: Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Bjarni Einarsson, Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen og Sverrir Ármannsson.

ÖNNUR DEILD

ESJA kjötvinnsla	238
Tryggingamiðstöðin	232
Örvi	228
Sölufélag garðyrkjumanna	224
Suðurnesjasveitin	205
Marin ehf	193
Arngunnur Jónsdóttir	191
Úlfurinn	165

Esja kjötvinnsla: Guðmundur Baldursson, Steinberg Ríkarðsson, Ragnheiður Nielsen, Hjördís Sigurjónsdóttir, Kristján B. Snorrason, Jón Agúst Guðmundsson og Hallgrímur Hallgrímsson.

ÞRIÐJA DEILD

Gunnar Björn Helgason	250
Sveinbjörn Eyjólfsson	226
Nýdekk	206
Jens Sigurbjörnsson	193
Kisurnar	192

Gunnar Björn Helgason: Brynjólfur Gestsson, Þröstur Arnason, Sigfinnur Snorrason, Ríkarður Sverrisson, Kjeld Sögaard og Gunnar Björn.

Tvímennigur kvenna



Esther Jakobsdóttir og Dóra Axelsdóttir.

Esther Jakobsdóttir & Dóra Axelsdóttir sigruðu með yfirburðum á Íslandsmóti kvenna í tvímenningi, fimmtán para keppni, sem fram fór í októberlok. Þær hlutu 59.1% skor, en næstu sætum urðu María Haraldsdóttir & Bryndís Þorsteinsdóttir (55.1%) og Anna Ívarsdóttir & Guðrún Óskarsdóttir (52.8%).

Tvímennigur yngri spilara

Óttar Ingi Oddsson & Ari Már Arason unnu Íslandsmót yngri spilara í tvímenningi af miklu öryggi (69.3% skor). Í öðru sæti urðu Guðjón Hauksson & Jóhann Sigurðsson (58.3%), en Grímur Kristinsson & Inda Hrönn Björnsdóttir urðu þriðju (53.9%).

Tvímennigur eldri spilara

Sigtryggur Sigurðsson & Hrólfur Hjaltason unnu Íslandsmót eldri spilara í tvímenningi - 17 para mót. Þeir hlutu 59% skor, en næstir komu Guðmundur Pálsson & Júlíus Snorrason (56.8%) og Unnar Atli Guðmundsson & Jóhannes Guðmarsson (56.6%).

Íslandsmótið í parasveit



Ásgeir, Dröfn, Hrund og Vilhjálmur.

Sextán sveitir tóku þátt í Íslandsmótinu í parasveitakeppni og sigraði lið Hrundar Einarsdóttur, Vilhjálmur Sigurðsson júnior spilaði við Hrund, en á hinum vægnum voru Dröfn Guðmundsdóttir og Ásgeir Ásbjörnsson.

ÚRSLIT

Hrund	132
Esja	125
Esther	124
Ljósbrá Baldurisdóttir	122
Helga Helena	112

Íslandsmót í butler

BSÍ kom á koppinn nýju móti í byrjun desember, dagskeppni í tvímenningi með sveitakeppnisútreikningi, eða Íslandsmóti í butlertvímenningi. Keppnin mæltist vel fyrir og tóku 28 þör þátt. Jón Baldursson & Þorlákur Jónsson unnu (87 IMPar). Næstir komu Ómar Ómarsson & Örlygur Örlygsson (67), en í þriðja sæti urðu Hrund Einarsdóttir & Vilhjálmur Sigurðsson (61).

Íslendingar vinna á Hawaii

Tony Kasday heitir bandarískur spilari, fæddur 1936, þéttur á velli og léttur í lund, fyrrum klúbbhaldari og keppnistjóri, nú sterkefnaður eigandi fyrirtækja sem reka sig sjálf. Kasday hefur fengið til liðs við sig fimm íslenska spilara til að keppa reglubundið á bandarísku þjóðleikunum - þau Hjördís Eyþórsdóttir atvinnumann, og landsliðsþörin Jón Baldursson & Þorlák Jónsson, Bjarna H. Einasson & Sigurbjörn Haraldsson. Kasday og hin fimm fræknu komust í 8-liða úrslit á sumarleikunum í Chicago, en gerðu gott betur á Hawaii í haust, þar sem sveitin vann Norður-Amerikumótið kennt við Bill Keohane, en það mót kemur næst á eftir Reisinger að virðugleik.

Bjarni "meistari" Einarsson valtaði yfir vini sína frá Póllandi, Tuszinski og Kowalski, í þessu spili:

NORÐUR

♠ G106
♥ 854
♦ 732
♣ 10652

V/Enginn

VESTUR

♠ D83
♥ DG76
♦ K
♣ ÁKD94

AUSTUR

♠ 975
♥ K93
♦ DG65
♣ G87

SUÐUR

♠ ÁK42
♥ Á102
♦ Á10984
♣ 3

Vestur	Norður	Austur	Suður
Tuszinski	Bessi	Kowalski	Bjarni
1 ♣ ¹⁾	Pass	1 G ²⁾	Dobl
RD ³⁾	Pass	Pass	2 ♦
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

(1) Pólskt lauf, 12+ HP

(2) 7-10 HP

(3) góð opnun, 14+ HP, sektaráhugi

Vörnin á sex toppslagi og með styttingi stefnir í tvo niður. Út kom ♣Á og ♣K, sem Bjarni trompaði. "Ég lét mér detta í hug að spila strax smáum spaða, en fann betri lausn - hlammaði niður ♠Á og spilaði svo litlum spaða snarlega þegar báðir sýndu þrilit." Tuszinski tók sinn tíma, en lét lítið og Bjarni fékk slaginn á gosann. Bjarni dúkkaði næst hjarta til vesturs og trompaði laufið sem kom til baka. Spilaði svo ♠K og 13. spaðanum og henti hjarta úr borði. Nú er sama hvað vörnin gerir, annað hvort nær sagnhafi að trompa hjarta í borði eða fær tvo slagi í viðbót á tígul heima.

Uppsalar

Íslensk sveit vann sterk alþjóðlegt mót í Uppsölum í Svíþjóð í byrjun desember; 17 liða keppni reyndra heimamanna og landsliða frá Finnlandi og Eistlandi. Sveitin spilaði undir nafni Þriggja frakka og var skipuð þeim Ísaki Erni Sigurðssyni, Ómari Olgeirssyni, Stefáni Jónssyni og Steinari Jónssyni.



Ísak, Stefán, Ómar og Steinar.